

Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandasýslu



Stefán Ólafsson



FS393-08051
Reykjavík
2009

Forsíðumyndin er af Bænhúsvelli á Svínanesi BA-070:002

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit:

I.	
Inngangur.....	4
II. Staðfræði bænhúsa og kirkna.....	5
III. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd.....	7
IV. Fornleifaskrá	10
V. Heimildaskrá.....	88


Skráning bænhúsa í Austur-Barðastrandasýslu

I. Inngangur

Sumarið 2008 var gerð fornleifaskráning í Austur-Barðastrandasýslu og er það samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna.

Byrjað var á því að svæðisskrá umrætt svæði. Slík skráning byggir á heimildakönnun þar sem farið er í gegnum Íslenskt fornbréfasafn og aðrar prentaðar miðaldaheimildir, þ.m.t. Íslendingasögur og samtíðarsögur, Alþingisbækur, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, fornleifaskýrslur og margs konar héraðssögurit. Um svæðisskráninguna sá Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Dreifing þeirra jarða sem voru skráðar



Kortið hér að ofan sýnir skráningarsvæðið og þá staði sem heimsóttir voru.

Á eftir inngangi verður lauslega fjallað um staðfræði kirkna og bænhúsa og afstöðu þeirra við bæjarhólinn sem þær tilheyra og þá einnig hvort líkgröftur hafi farið fram á umræddum stöðum. Eftir þá umfjöllun kemur kafli um fornleifaskráningu og minjavernd og síðan sjálf fornleifaskráin.

Heimildir um bænhús og kirkjur fundust á 19 jörðum og þar af stóðu kirkjur á fimm þeirra. Var farið á alla staði þar sem vísbendingar voru til um að kirkjur eða bænhús hafi verið og spurt um þjóðleiðir. Á vettvangi var talað við staðkunnuga þeir beðnir um að gefa upplýsingar um staðsetningu bænhúss/kirkju. Í nokkrum tilfellum reyndist nauðsynlegt að hafa upp á brottfluttum heimildamönnum og voru tekin allmörg símaviðtöl en einnig farið í heimsóknir. Á hverjum stað var gerð hefðbundin fornleifaskráning á bæjarhól og bænhúsi/kirkju ef nokkra vísbendingu var að hafa um staðsetningu. Þar sem engar vísbendingar var að hafa var látið nægja að skrá bæjarhólinn en þar sem vísbendingar voru fyrir hendi var sá staður skráður með hefðbundnum hætti. Þar sem vísbendingar voru um staðsetningu kirkju/bænhúss var lögð áhersla á að taka ljósmyndir sem gætu gefið hugmynd um afstöðu, jafnvel þó engar minjar væru sýnilegar um kirkjuna/bænhúsið. Þá voru teiknaðir uppdrættir til að sýna afstöðu bænhúss/kirkju við bæ og gerð grein fyrir leiðum þar sem upplýsingar voru til um þær.

Eins og áður hefur komið fram voru 19 jarðir heimsóttar, þar af stóðu kirkjur á fimm þeirra; í Garpsdal (BA-003:002), Reykhólum (BA-029:002), á Stað (BA-038:002), í Neðri-Gufudal (BA-056:002) og í Skálmarnesmúla (BA-075). Þrjár tóftir af bænhúsum fundust á svæðinu í Gautsdal (BA-010:002), Hofstöðum (BA-042:002) og Múla (BA-063:002). Voru hringlaga gerði umhverfis bænhústóftina á öllum þessum minjastöðum. Á sex jörðum var staðsetning bænhúsa algjörlega óþekkt og á fimm jörðum var staðsetningin frekar óljós.

Í lokin er hér komið á framfæri þakklæti til allra heimildarmanna er hjálpuðu skrásetjara á vettvangi. Þá langar mig að þakka sérstaklega Finnboga Jónssyni sem liðsinnti mér í hvívetna og eftirlét mér gögn úr eigin rannsóknum, Kristini Bergsveinssyni sem ók með mig og fræddi mig um Gufudal fremri og neðri og síðan Bjargeyju Arnórsdóttur sem gaf mér myndir úr safni sínu af bæjarstæðinu á Tindum.

II. Staðfræði bænhúsa og kirkna.

Eitt meginmarkmið skráningarinnar var að athuga hvernig og hvar bænhúsið/kirkjan stendur eða stóð miðað við bæ. Í öllum tilfellum þar sem staðsetning bænhúss var þekkt stóð það alveg við bæjarhólinn. Af þeim fimm kirkjum sem enn standa hafa þrjár verið færðar úr kirkjugarðinum; Reykhólar (BA-029:002), Neðri-Gufudalur (BA-056:002) og Skálmarnesmúli (BA-075). Sést vel fyrir grunnum kirknanna á Reykhólum og Skálmarnesmúla en alveg er búið að slétta gamla kirkjustæðið í Neðri-

Gufudal. Tvær kirkjur standa enn innan kirkjugarðs og eru það kirkjurnar í Garpsdal (BA-003:002) og á Stað (BA-038:002). Kirkjurnar í Garpsdal og á Stað ásamt öllum sýnilegum kirkjustæðum snúa svo til alveg í vestur og austur. Það gera og einnig bænhústóftirnar í Gautsdal (BA-010:002), Hofstöðum (BA-042:002) og í Múla (BA-063:002). Ekki var hægt að greina það með neinum öruggum hætti að bæjarhólar tækju mið af stefnu kirkju, virtust flestir eða allir bæjarhólar snúa fram í dal eða að sjó eftir aðstæðum. Það er aftur á móti nokkuð athyglisvert að hvergi hefur kirkja eða bænhús staðið vestan við bæjarhólinn. Oftast er kirkjan / bænhúsið að austanverðu, eiginlega aldrei alveg norðan við bæinn eða alveg sunnan við hann.

Á Reykhólum og Garpsdal liggur þjóðleiðin samhliða bæjarhólnum, á þetta sennilega við um Múla líka en þar vantar heimildir um hvar þjóðleiðin lá. Á Stað og Neðri-Gufudal virðist þjóðleiðin hafa legið milli kirkju og bæjar. Allar eru þessar jarðir við frekar fjölfarinn veg. Bænhúsið á Gautsdal virðist aftur á móti hafa verið atan við bæ miðað við aðkomuna að bænum sem er úr suðri. Þá virðast bænhúsin á Hofstöðum, Gröf (BA-048:002) og á Svínanesi (BA-070:002) hafa staðið neðar í landi og nær sjó en bæjarhóllinn.

Fornleifarannsóknir á svæðinu. Einn fornleifauppgröftur hefur verið framkvæmdur á svæðinu. Var tekinn prufuskurður í meintan Bænhúshól á Hofstöðum í Þorskafirði (BA-042:002) og annar prufuskurður í meinta Hoftóft (042:031). Hoftóftin reyndist bara vera náttúruleg ójafna en á Bænhúshólnum hefur að öllum líkindum staðið bænhús. Var þar komið niður á mannabein sem er helsta sönnun þess að þar hafi staðið bænhús.

Mannabein fundin á svæðinu. Mannabein hafa fundist á tveimur af þeim minjastöðum sem skráningarmaður heimsótti. Var það á Hofstöðum sem áður hefur verið minnst á og síðan í Gautsdal. Bænhústóft er á stórum og fallegum hól í Gautsdal og hringlaga gerði umhverfis. Bænhúshóllinn er alveg við gamla bæjarhólinn en bærinn hefur verið fluttur. Grafið var fyrir votheystóft sunnarlega í Bænhúshólinn og komu þá mannabein í ljós. Er það mjög athyglisvert og bendir til þess að annað hvort hafi garðurinn áður verið stærri eða að einhver hafi verið dysjaður utan kirkjugarðs.

III. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í Þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr.

þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-264:011 er beitarhúsatóft í Bakkakoti). Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

64°29.404N 21°57.216V

Sýslutákn

BO-104:025

Gömlugömluhús

tóft

beitarhús

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgrafin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygarði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

hætta sem steðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúruafla

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að ofan sýnir.

Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og

síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

IV. Fornleifaskrá

BA-003 Garpsdalur

Jarðarinnar er getið í Landnámu: "Hans [Gísl skeiðarnef] son var Heðinn, faðir Halldórs Garpsdalsgoða, föður Þorvalds, [er] átti Guðrúnu Ósvífrsdóttur." ÍF I, 160.

Jarðarinnar er einnig getið í Þorskfirðingasögu: "Gísl nef nam Gilsfjörð ok bjó at Kleifum; hann átti...[þeira] synir váru þeir Heðinn í Garpsdal ok Herfiðr í Múla..." ÍF XIII, 178.

Um 1225: "Þórður [Sturluson] fór þá til Hvamms um vorið en Gunnsteinn fór til Brunnár og bjó þar til þess er hann keypti Garpsdal." Sturlunga I, 294. Um 1244: "Þá bjó í Garpsdal Gunnsteinn Hallsson og Vigfús son hans." Sturlunga II, 505.

1430: Jörðin "Gardz(dal) j gilsfirði" nefnd í gjafabréfi Lopts Guttormssonar. DI IV, 405.

1519: Bær nefndur í bréfabók Ögumundar biskups í Skálholti. DI VIII, 709.

1546: "Þorleifur Pálsson lögmaður selur Birni Þorleifssyni Keldur, Foss og Hraun, samtals 60 hndr., ásamt tveimur jörðum í Örafum, Hnappavöllum og Svínafelli, fyrir Garpsdal (Barð.) og Gilsfjarðarmúla (Barð.) [BA-002]." Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 1 (sjá einnig DI XI, 482).

1559: Bær nefndur í jarðabréfi Steinunnar Eiríksdóttur. DI XII, 394.

1686/1695: Bær metinn á 40 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 189.

1703: 40 hndr., kirkjustaður. JÁM VI, 182.

1801: Í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 192.

1835: Prestsetur í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Prestsetur í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 191.

1847: 40 hndr., kirkjustaður. JJ, 175.

1703: "Fóðrast kann viii kúa þúngi. Útigángur fyrir fje í skárralagi, en slæmur fyrir hesta ... Torfrista og stúnga lök. Silúngsveiðivon lítil, sem áður segir um Múla. Torfrista og stúnga lök. Silúngsveiðivon lítil ... Eggver af æðifugli í einnri ey og þremur skerjum. Kann að fást í meðallagi iij fjórðingur dúns og viii eggja ...Selveiðivon lítil ...Skógarhögg á kirjan eftir máldaganum í Borgarskóg í Króksfirði ...Annað skógarítak á kirkjan í takmörkuðu plátsíi Hofstaðalandi við Þorskafjörð, Það hefur brúkast til kolgjörðar hjeðan ... Móskurð á kirkjan í Svarfhólslandi í Geiradal, það hefur ekki brúkast svo menn viti. Tólf manna ífar á kirkjan í Saurbæjarfjöru og vi manna í Króksjarnarnessfjöru ... Túninu

spillir öðruhvörju ein skirða úr fjallinu ... Egninu spillir sumstaðar grjóthrun og leir ...
Hætt er kvifje fyrir sjáfarflæðum .. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum." JÁM VI,
182-3.

1920: Tún 5,4 ha, 2/3 slétt, garðar 360 m².

BA-003:001 Garpsdalur bæjarhóll bústaður 65°27.257N 21°49.756V

Í Landnámu segir: "Hans [Gísl skeiðarnef] son var Heðinn, faðir Halldórs Garpsdalsgoða, föður Þorvalds, [er] átti Guðrúnu Ósvífrsdóttur." Í Laxdælu segir svo: "Þorvaldr hét maðr, sonr Halldórs Garpsdalsgoða. Hann bjó í Garpsdal í Gilsfirði, auðigr maðr ok engi hetja."



Bæjarhóllinn í Garpsdal, horft til norðvesturs.


Jarðarinnar er einnig getið í Þorskfirðinga sögu. Þar segir: "Gísl nef nam Gilsfjörð ok bjó at Kleifum; hann átti...[þeira] synir váru þeir Heðinn í Garpsdal ok Herfiðr í Múla; [...]." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Garpsdalur 60 c. Er þar kirkja sóknarinnar og prestssetrið. Bærinn stendur sunnan undir Garpsdalsfjalli, spölkorn norður frá Gilsfirði. bærinn

stendur hátt, svo nærri fjallinu, að túnið er upp að fjallshlíðinni." Í Íslenskum sögustöðum II segir: "Garpsdalur er hinum megin við múlann [Gilsfjarðarmúla], virðist hvorki blómlegur né mjög stór, en eftir honum rennur Múlaá, mjög niður grafín. Hinum megin við dalsléttuna sjálfa er bærinn Garpsdalur ásamt kirkju, á flötinni eigi langt frá sjó."

Bærinn er merktur á túnakort frá 1920.

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Í Garpsdal er steinsteypt íbúðarhús byggt fyrir 40 árum, sæmileg íbúð. Útihús eru þar nýbyggð og samkvæmt nýjustu tísku. Tún er þar 22,50 hektarar." Garpsdalur er norðan Gilsfjarðar og stendur núverandi íbúðarhús byggt um miðja síðustu öld enn á bæjarhólnum 50-60m sunnan við þjóðveg nr. 60.

Bæjarhóllinn er í landi sem hallar til suðurs og þétt vestan við bæjarhóllinn rennur



Uppdráttur sem sýnir afstöðu milli bæjarhóls 001 og kirkju 002.

bæjarlækur.

Í stuttum pistli eftir Halldór Jónsson frá Garpsdal í Árbók Barðastrandarsýslu frá 2006 segir: "Á sumrinu 1913 var byggt fjós og haughús [012] í Garpsdal í Geiradalshreppi. [...] Bærinn sem búið var í þegar fjósið var byggt var ekki gamall en milli hans og hlóðældhúss, þar sem fóru fram stórþvottar og slátursuða á haustin, var eftir hluti af gömlum bæ og var notaður sem eldiviðargeymsla og yfir var loft kallað "gamlaloft". Þar var geymt alls konar dót. Í gegnum þennan gamla bæ var

gengið fram í hlóðældhúsið á bænum. Við austurgaflinn á hlóðældhúsinu var fjósbyggingunni [012] valinn staður [...]. Húsin sem stóðu á bæjarhól í Garpsdal 1913 röðuðust svo: "talið frá vinstri [er horft var á framhlið bæjarins]: 1. Kúahlaða. 2. Fjós fyrir 6 kýr, tvístæðufjós með flór í miðju, ekki steypur heldur flóraður með mjög ósléttum hellum og leiðinlegt að moka hann. Frá fjósinu var byggður ranghali út í bæjarlækinn sem rennur milli hlöðunnar og fjóssins. Þá þurfti ekki að sækja vatnið út til að brynna kúnum þegar vont var veður, það þótti mikill kostur. 3. Hesthúskofi fyrir 2 hesta og er við vesturenda bæjarins. 4. Garpdalsbærinn sem ekki er vitað hvenær hefur verið byggður [...]. Við hliðina á inngöngunni í bæinn [var] gluggi með 9 rúðum [...]. Bæjarhóllinn er um 40 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Þjóðleiðin er norðan við bæinn og aðkoman að bænum úr norðri en samkvæmt lýsingunni hér að ofan hefur framhlið bæjar sennilega snúið til suðurs að Gilsfirði eins og á núverandi íbúðarhúsi. Núverandi íbúðarhús er tveggja hæða steinhús, járnklætt og er enginn sjáanlegur kjallari. Upphleðsla bæjarhólsins er einna greinilegust sunnan við hólinn og er hann 1 m á hæð. Ekki eru neinar eldri minjar sjáanlega á bæjarhólnum. Núverandi þjóðvegur liggur á sama stað og Þjóðleiðin lá áður eða á mjög svipuðum slóðum, hefur hún aldrei verið færð svo menni viti til.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF I, 160; ÍF V, 93; ÍF XIII, 178; Túnakort 1920; ÍSKK II, 126; SSV I, 32; Árbók Barðastrandarsýslu 2006, 129-131; SSFS I, 20

BA-003:002 kirkjugarður kirkja

65°27.258N 21°49.727V

Kirkja, vígð 1935 er í Garpsdal um 20 m austan við bæjarhól 001 og er hún inn í kirkjugarði, er kirkjugarðurinn merktur á túnakort frá 1920. Forveri þessarar kirkju var byggð 1868 og var það timburkirkja. Ekki er annað vitað nema að kirkjan hafi alltaf



Kirkjan í Garpsdal, horft til norðausturs.

staðið á sama stað.

Kirkjan er í kirkjugarði sem er enn í notkun.

GARPSDALUR (AB) -Maríu, Pétri og Þorláki

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 12
[um 1274]: Máldagi Maríukirkju í Garpsdal, Máld DI II 118.

[1324]: Mariu kirkia j garpsdal ä .xx.

hunnrud j heimalandi. Máld DI II 576-577.

1394: Mariukirkia j Garpsdal ä xxc i heimalande. hrijshogg i bogur. et cetera.les Vilkinsbok; Hítardalsbók DI III, 774

1397: a xxc j heimalandi [+hríshögg, timburhlut í skógi, torfskurð og sölvafjöru] Þangad liggia tiunder af xv bæium og fiordungs ostur ad hveriumm bonda j þyngunumm.

Þar skal vera heimilisprestur oc taka iiij merkur. portio xiiijc; Máld DI IV 154

20.4.1430: [Lofur Guttormsson gefur Skúla syni sínum Garpsdal ásamt fleiri jörðim] og xx kugillde ad auk fyrer fyrnd og nidurhrapan kirkiunnar j garsdal oc hennar ornamentum. sidan ec tok þa iord; DI IV 405

19.5.1442: Jörðin Kleifar ... liggur j garst[dals] kirkiv sokn; DI IV 627

16.4.1483: Jörðin Gautsdalur er í Garpsdalskirkjusókn. DI VI, 477

[1491-1518]: Eignaskrá Maríukirkju, Garpsdalur. Mariukirkia j garpsdal ä xx hunnrud j heimalnnde. hrijshogg j borg hunnradz timburz j rauddalz skogie huer tt sumar. torfskurd j suardholzlannd j garpdalzgrafer. saulua fiuru til bunautnnar ollum heimamonnum. viij

kyr. iiij gelldfiar kugillde. hestur oc c j voru. jtem ein messuklæde oc kalek. graduale per annum oc sequencijubok. Máld DI VII, 76-77 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 113a-114b]

1558: Kirkjunni í Garpsdal gefið járn og hillur af Þorleifi lögmanni Pálssyni í Skarði. DI XII, 286.

1575: Máld DI XV 590-591

1704: Jörðin Kleifar í Gilsfirði á kirkjusókn til Garpsdals; JÁM VI, 176

22.3.1890: Garpsdalsprestakalli steipt saman við SaurbæjarÞing og heita síðan Staðrhólsþing; (PP, 168) [lög].

Kirkjan er 10 x 5 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er timburhús, bárujárnsklædd á steiptum grunni. Við suðvesturhorn kirkjunnar er stuðladrangur sem á er letrað að kirkjan hafi verið vígð 1935. Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og eru í honum nokkur trjágróður við norðvesturhorn kirkjugarðsins og runnalengja er einnig utan með austurhlið kirkjugarðsins. Engin merkt leiði eru norðan og vestan við kirkjuna en elstu merktu leiðin sem eru frá seinni hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar eru þétt austan við kirkjuna. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kirkjugarðurinn þá um 30 x 26 m að stærð og snéri vestur-austur en við athugun 2008 kom í ljós að hann er nú 45 x 32 m að stærð og snýr austur-

vestur. Ekki er langt síðan hann var stækkaður (en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var gert). Samkvæmt túnakortinu hefur hann verið stækkaður til vesturs eða austurs, nema hvort tveggja sé. Hann hefur þó sennilega verið stækkaður meira til austurs því kirkjan er vestarlega í garðinum. Umhverfis garðinn er tímurgirðing með vírneti.


Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1920; DI XII 12; DI II 118; DI II 576-577; DI III, 774; DI IV 154; DI VI, 477; DI VII, 76-77; DI XV, 590-591; JÁM VI, 176; PP, 168

BA-003:031 *Kirkjuholt* tóft óþekkt 65°27.340N 21°50.180V

„Niður (suður) frá Heimri-Húdadalur er Klettahryggur. Neðan (sunnan) við hann er Kirkjuholt," segir í örnefnalýsingu. Tóft er á Kirkjuholti 360-370m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á frekar grýttu holti, norðan við veg sem liggur heim að bæ í landi sem hallar til suðurs að Gilsfirði.



Tóftin er einföld og frekar ógreinileg.

Tóftin er 7x6m að stærð og snýr suðsuðvestur-norðnorðaustur. Hún er einföld og er um 4x4m að innanmáli. Vegghleðslur eru mjög signar og rúnnaðar, þær eru um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Þjóðvegurinn liggur neðan til við rætur Kirkjuholts og má ætla að þegar aðkomufólk átti leið til kirkju úr vesturátt þá hafi þetta holt borið fyrir sýn að kirkjunni. Það sem sagt sá ekki kirkjuna fyrr en komið var upp á holtið og dregur holtið sennilega nafn af því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

BA-010 Gaurs- (Gauts) dalur

1460: Bærinn nefndur í fornbréfum um Guðmundarmál. DI V, 216 og 219 (sjá einnig DI XI, 18, 20).

1462: Bærinn „gautz dal[ur]“ nefndur í kaupmálabréfi Andrésar Guðmundssonar og Þorbjargar Ólafsdóttur, metinn á 30 hdr. DI V, 373.

1467: Bærinn nefndur í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson. DI XII, 52.

1483: Bærinn „gnutzdalr“ nefndur í sættagerð. DI VI, 478.

1533: Bærinn nefndur í kaupbréfi. DI IX, 686-687.

1686/1695: Jörðin metin á 30 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers 189.

1703: 30 hdr., bænda eign. "Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og heitir hjer enn í túninu eitt tóftarbrot bænhústóft." JÁM VI, 186.

1801: Í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 191.

1835: Gautsdalur í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Tvíbýli (?) í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 190.

1847: 30 hdr., bænda eign. JJ, 175.

1703: "Fóðrast kann v kúa þungi ... Útigangur í betra lagi. Torfrista lök, stúnga í sama máta. Elt er taði undan kvikfje. Móskurður hefur að fornu verið, en brúkast ei. Grastekja lítil. Úthagar eru góðir og miklir. Vatnsból bregðst á vetur, og er þá stundum með

stórerfiði sókt vatn í Gautsdalsá. Stundurm þíddur snjór og klaki." JÁM VI, 187.

1920: Tún 4,4 ha, 3/4 slétt, garðar 204 m².

BA-010:001 *Gautsdalur* bæjarhóll bústaður 65°29.667N 21°53.950V

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Gautsdalur, 30 c. Stendur hann framan undir heiði þeirri, sem er að utanverðu við dalinn Gautsdal, lítinn spöl norður frá Gautsdalsá, neðst þar í dalnum norðanverðum. [...] Gautsdalur og Króksfjarðarnes [BA-005:001] eru bezt húsaðir bæir í sókninni. Af rekavið eru flest hús þar gjörð." Bærinn er merktur á túnakort frá 1920. Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Nú er í Gautsdal 23,5 hektara tún. Íbúðarhús er þar nýlega byggt úr steinsteypu, stórt og rúmgott. Fjórúsi og hlaða voru byggð þar nýlega, vandaðar byggingar. Þar hefur einnig verið byggð votheysflatgryfja og vélageymslur. Jörðin er því vel hýst." Gautsdalur er 2,5 - 3km norðaustan við þjóðveg 60 og er bæjarhóllinn 180 m norðnorðaustur af núverandi íbúðarhúsi í Gautsdal byggt 1975. Ekki lá nein þjóðleið svo vitað sé um Gautsdal og er jörðin innsti bær í dal. Það mun þó breytast fljótlega því þar um dalinn er verið að leggja



Bæjarhóllinn í Gautsdal, horft til aust-suðausturs.

nýjan veg.

Bæjarhóllinn er í grösugu túni og hallar land til suðurs. Bæjarhóllinn er 35x30m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur og hefur framhliðin væntanlega snúið til suðvesturs. Mörk bæjarhólsins eru frekar ógreinileg en upphleðsla hans gæti verið um 2m.

Síðasta íbúðarhúsið sem stóð á bæjarhólnum var byggt 1926 og var það


með fyrstu steinhúsunum í Geiradalshrepp. Húsið hefur verið rífið og hóllinn sléttaður sér þar ekkert til minja nema grunnar dældir. Þétt norðaustan við bæjarhóllinn var fjós og hlaða, var einungis þröngt sund á milli og suðaustan við hlöðuna var bænshúshóllinn 002.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSV I, 29, 35; Túnakort 1920; SSFS I, 52

BA-010:002 Bænhúshóll tóft+garðlag bænhús 65°29.657N 21°53.911V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og heitir hjer enn í túninu eitt tóftarbrot bænhústóft." "Bænhúshóll er laust norður af bænum, sem var. Þar sást vel fyrir tveimur grónum veggjum frá vestri til austurs. Vestur af tóftinni, 3-5 m frá, var eitt sinn



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli bæjarhóls 001 og bænhústóftarinnar 002.

grafið og komið niður á mannabein. Bendir það á grafreit," segir í örnefnalýsingu.

Bænhúshóll er um 220 m norðnorðaustur af núverandi íbúðarhúsi (byggt 1975) en um 30 m norðaustan við bæjarhól 001. Bænhúshóllinn er í sléttu grösugu túni sem hallar til suðurs. Á Bænhúshól er tóft og garðlag sem liggur utanhverfis við tóftina að austanverðu.

Bænhústóftin er 5x5m að stærð en er engin gafl á henni til vesturs. Vegghleðslur hennar eru um 1m á breidd og um 40cm á hæð, hvergi sér í grjóthleðslur og er öll tóftin grasi vaxin. Garðlagið austan við tóftina liggur í hálfhring umhverfis tóftina og afmarkar svæði sem er 14x9m og snýr norður-suður en það er alveg opið til vesturs. Líklegast hefur það legið í hring umhverfis tóftina en við framkvæmdir á bæjarhólnum sem er þétt suðvestan við hann hafa í aldanna rás afmáð hluta garðsins. Hafi garðurinn verið alveg hringlaga hefur

hann afmarkað svæði sem var 15x15m að innanmáli. Tóftin er alveg miðsvæðis miðað við suður, austur og norður hlið gerðisins. Vegghleðslur garðlagsins eru frá 1-2m á þykkt og um 30-40cm á hæð, er það allt grasi vaxið og sér hvergi í grjóthleðslur í því. Tóftin og garðlagið eru á hól sem er 30x15m að stærð, vesturmörk hans eru mjög óljós, þar liggur hann að bæjarhólssvæðinu en að austanverðu eru mörk hans nokkuð skýr. Grafið var fyrir votheystóft sunnarlega í Bænhúshóllinn, um 5 m sunnan við suðurhlið gerðisins og utan þess. Þar komu mannabein í ljós sem bendir til þess að annað hvort hafi garðurinn áður verið stærri eða að einhver verið dysjaður utan kirkjugarðs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM VI, 186; Ö-Gautsdalur, 2.

BA-012 Tindar (í Geiradal)

Um 1244: "Að Tindum í Króksfirði voru njósnamenn Tuma með hestvörð, [...]"
Sturlunga II, 505.

1384: Bærinn nefndur í kaupbréfi Ólafs Marteinsonar og Filippusar Þorleifssonar. DI VII, 6.

[1446]: Bærinn nefndur í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar í Reykhólum, metinn á 30 hdr. DI IV, 685. 1467: Bærinn nefndur í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson. DI XII, 52.

1480: Bærinn nefndur í jarðaskiptabréfi Ólöfu Loptsdóttur. DI VI, 256.

1553: Bærinn nefndur í kaupmálabréfi Þorsteins Guðmundssonar og Þórunnar Jónsdóttur og tengdum skjölum. DI XII, 503, 508.

1569: Bærinn nefndur í erfðaskrá Þorsteins Guðmundssonar, gefur konu sinni, Þórunni Jónsdóttur, Tinda. DI XV, 326.

1629: Bærinn nefndur í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 121.

1686/1695: Jörðin metin á 30 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers 189.

1687: Jörðin Tindar metinn á 30 hndr. í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 138.

1703: 30 hdr., bændaeign. "Hjer hefur áður bænhús verið, sem nú er af fallið, en þó muna menn að þar var embættað, þegar heimamenn gengu til sacramentis." JÁM VI, 188. Árið 1703 er eyðihjáleigan Yste völlum nefnd á jörðinni.

1801: Tvíbýli í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 190.

1835: Tvíbýli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Tvíbýli í byggð samkvæmt Manntali Vesturamts, 189.

1847: 30 hdr., bændaeign. JJ, 175.

1703: "Fóðrast kann á allri jörðunni x kúa þungi. Útigangur í betralagi fyrir sauðfje, en lakari fyrir hesta. Torfrista og stúnga næg. Reiðingsrista bjargleg fyrir heimilið.

Móskurður til eldiviðar hefur verið en brúkast ei. Elt er taði undan kvikfje. Engjarnar, þær sem hafa verið fyrir neðan bakkana, eru eyðilagðar af jarðföllum. Úthagar eru

bjarglegir. Hætt er fje og hestum fyrir hrakningi á vetur, og hefur oft að því skaði orðið. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórviðrum af vestir, þó hefur ekki að því stór skaði orðið." JÁM VI, 189.


1920: Tún 4,7 ha, 3/4 slétt, garðar 523 m².

BA-012:001 Tindar (í Geiradal) bæjarhóll bústaður 65°28.998N 21°55.959V



Bæjarhóllinn á Tindum, horft til vest-suðvestur.

Geiradal. [...] Á Tindum er tún nú 23,4 hektarar. Öll hús eru þar nýlega byggð, stórar og góðar byggingar." Bærinn Tindar er austan Króksfjarðar og er um tæpan 1km norðaustan



Á þessari ljósmynd sést afstaða milli húsa á bæjarstæðinu á Tindum. Myndin mun vera tekin á árabílinu milli 1940 -1950. (Ljósmynd fengin hjá Bjargeyju Arnórsdóttur)

Bærinn er merktur á túnakort frá 1920.

Þá er sem lækur hafi runnið undir hann. Í örnefnalýsingu segir: "Bæjarhóll heitir, sem bærinn stendur á." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir:

"Tindar, 30 c. Stendur hann sunnan undir Tindahálsi." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir:

"Bærinn Tindar stendur hátt, og þaðan er gott útsýni til allra mannaferða um

við núverandi þjóðveg nr. 60 en verið er að vinna að nýju vegarstæði (2008).

Gamli bæjarhóllinn var þétt sunnan við núverandi íbúðarhús í landi sem hallar til suðurs.

Í grein eftir Arnór Guðlaugsson í Breiðfirðingi frá 1985 segir: "Árið 1912

[eða 1917-1918??], [...var] Svo mikill kuldi var í baðstofunni þennan vetur, að hún hélaði uppi í mæninum, þó var eldavélin undir baðstofuloftinu. [...]

Lækurinn er lítil lind, sem á upptök nokkru ofan við túnið. Hann þornaði aldrei en gat að

vetrinum orðið mjög líttill. Þannig hagaði til að hann rann í undirgöngum á móts við bæjarhúsin og þar inni var vatnsból, þar sem vatn var tekið í bæ og fjós." Búið er að slétta öll mannvirki á bæjarhólnum og sér þar ekkert til minja. Núverandi íbúðarhúsi var valinn staður fast sunnan við bæjarhólinn. Íbúðarhúsið er byggt 1971 og er það einnar hæðar steinhús. Um 1975 var fjós byggt við vesturmörk bæjarhóls og var þá lagður vegslóði yfir bæjarhólinn og plan gert austan við fjósið vestast á bæjarhólnum. Hóllinn sjálfur er samt frekar greinilegur, um 50 x 30 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Ætla má að hann sé að stórum hluta uppsafnaðar mannvistarleifar og er hann 2-2,5m á hæð.

Bæjarlækurinn er

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Tindar, 3; SSV I, 28; Breiðbirðingur 1985, 99; SSFS I, 59-60

BA-012:002 heimild um bænhus

65°28.933N 21°56.143V

TINDAR Í GEIRADAL (AB) (GARPSDALSPING) - HÁLFKIRKJA

Um 1570: Þar er hálfkirkja. Aflögð fyrir 1710. PP, 171.

Í jarðabréfum 1570 og síðar: Gíslamáldagar. "LXI. A Tindum. Hálffkirkian a Tijndum ä ecke þar i heimalande. ecke þar i frijdu. ecke þar i daudu. og ecke þar i kirkiunne." Í

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjer hefur áður bænhus verið, sem nú er af fallið, en þó muna menn að þar var embættað, þegar heimamenn gengu til sacramentis." Staðsetning bænhus á Tindum er mjög óljós. Bjargey

Arnórsdóttur sem er fædd 1930 á Tindum mundi óljóst eftir bænhusstóft sem var 180-190 m suðvestan við bæjarhólinn. Ekki gat hún þó greint frá neinum atriðum varðandi hana eða hvenær sléttað var úr henni.

Sléttað tún sem hafa verið sléttuð oftar en einu sinni, er nýbúið að vinna við endur sléttun á þeim.

Ekkert sér til minja á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM VI, 188; PP, 171; DI XV, 590

BA-015 Kambur

[1156]: "Þat bar til tíðinda að Kambi í Króksfirði, þar bjó Eiríkur Kjartansson. [...]"

Sturlunga saga I, 116.

[1244]: "Þá riðu þeir til Kambs og þá Magnús af orðum Halls af Möðruvöllum. Ríða þeir þá fram í Króksfjörð til Bæjar." Sturlunga saga III, Þorðar saga kakala, 72. [1467]:

Skiptabréf eptir Björn Þorleifsson hinn ríka. "Inn primis skiptum vær hvstrv olofu...

Brianslæk a bardastrond oc þeim jordum er þar liggia til sudr at skalanesi med eyium hualatrum oc jordum aullum j kroksfirde innan at laxa fratekin jordin kambr." DI V, 500.

[1500]: Björn Þorleifsson fær Páli Aronssyni til fullrar eignar jörðina Látur á Ströndum í Aðalvíkurkirkjusókn. "[...] hier vm setta eg mitt insigle fyrir þetta jardarbref er skrifat var a Kambi j krogfirde Reykhola kirkiusokn..." DI VII, 528-529.

1600: „Guðmundur Bjarnason gefur og greiðir Ara bónda Magnússyni selhúsastöðu í Tungudal í Króksfirði, þar sem nú stendur Hólssel og áður hefur verið Kambsmannasel, með þeim skilmála, „að öll sú búnyt, er hafði verið á Kambi í Króksfirði skyldi hafa frjálsa hagbeit í áðurgreindum Tungudal og sama ítak og selhúsastaða skyldi ævinleg eign Ara b(ónða) Magnússonar og hans erfingja og jörðunni Kambi mega fylgja.

Fráskildi áðurnefndur Guðmundur Bjarnason, að hestar, naut og geldfé gengi í þeim högum utan smalakapall og heimflutningshestar, er selhúsum þjónuðu.““ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 109.

1600: Jörðin Kambur metin á 24 hndr. (hálfur Kambur 12 hndr.). Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 163.

1629: Björn Bjarnason fær Kamb í Króksfirði með sinni selstöðu til eignar, metin á 30 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 121.

1653: Sonarsynir Ara Magnússonar erfa Kamb með selstöðu 30 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 164-165.

1673: Jörðin nefnd í kaupmálabréfi Gunnlaugs Jónssonar og Guðrúnar Ingimundardóttur. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 128.

1686: 30 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 189.

1690: Sigurður Björnsson selur Jóni Erlendssyni hálfan Kamb við Króksfjörð fyrir 12 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 142.

1695: 24 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 189.

1703: Jörðin nefnd í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 128.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 24 hdr. JÁM VI, 192.

1801: Tvíbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 200.

1835: Tvíbýli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 196.

1847: 24 hdr., bændaeign. JJ, 175.

1870: Tvíbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1920: Tún 7 ha, 1/2 slétt, kálgarðar 646 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Útigangur við lakari kost. [...] Túninu spillir að sunnan og neðanverðu einn lækur, sem grefur það í sundur, og gjörir landbrot og holgryfjur. So og ber bæjarlækurinn stundum í vatnagangi og leysingum aur og möl á túnið sumstaðar. Enginu spillir og sami lækur með grjótsáburði, og öðrum parti engisins grjótfok úr fjallinu, sem að hefur gjört á því stóran skaða. Úthagarnir eru litlir um sig, og er hestum á vetur jafnlega fyrir því í burt komið út á Reykjanes. Hætt er kvikfje á einu skeri fyrir sjáfarflæðum, sem stundum hefur skaði að orðið.“ JÁM VI, 192.

BA-015:001 *Kambur* bæjarhóll bústaður

65°30.013N 21°58.073V



Bæjarstæðið á Kambi, horft til austurs.

Í örnefnaskrá segir: "Bærinn stendur enn á sama stað og hann gerði áður." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Stutta bæjarleið frá Bæ, í landsuður með firðinum stendur Kambs-bær, er kenndur er við fjallskamb, er bærinn stendur undir. Jörð þessi er 24 c. að dýrleika." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Á Kambi er nú rúmlega 22 hektara tún. Tvö

íbúðarhús eru á jörðinni bæði úr steinsteypu. Annað þeirra var byggt fyrir 1940. Því er vel við haldið og er dágóð íbúð. Hitt íbúðarhúsið er nýlega byggt. Önnur hús á jörðinni

eru í góðu ásigkomulagi þó þau séu ekki nýlega byggð." Bærinn Kambur er við norðausturströnd Króksfjarðar og um 100m suðvestan við þjóðveg nr. 60 stendur íbúðarhús sem nefnist Kambur I og er það byggt (fyrir 1940) á bæjarhólnum. Yngra íbúðarhúshéfur verið reist á Kambi og nefnist það Kambur II er það um 60 m NNA við gamla bæjarhóllinn 001.

Bæjarhóllinn er á bakka í landi sem hallar til vesturs niður að sjó.

Bæjarhóllinn er 30x30m að stærð. Á honum stendur íbúðarhús úr steini, járnklætt, sem er tvær hæðir en án kjallara. Mörk bæjarhóls eru best merkjanleg að vestan og uppsöfnun er um 150cm. Bærinn hefur snúið framhlið til vesturs og er þaðan er óvenjugott útsýni út Króksfjörðinn allt til Snæfellsjökuls. Bæjarlækur er sunnan við bæjarhóllinn. Gamli bærinn stóð nokkuð austar en íbúðarhúsið (Kambur I) gerir nú. Austast á bæjarhólnum var geymsla og hlaða að öðru leyti er búið að slétta allan bæjarhóllinn og sér þar ekki til eldri minja. Var rutt úr gamla bæjarhólnum þegar eldra íbúðarhúsið (1940) var byggt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Kambs, 1; Túnakort 1920; SSV I, 67; SSFS I, 75-76

BA-015:002 heimild um bænhús 65°30.013N 21°58.073V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Bænhús er hjer og tíðir veittar inn til næstu 10 ára, þá heimafólk sacramentaðist, en síðan ekki."

Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið stóð en þar sem bænhús hafa í flestum tilfellum staðið nálægt bæ er hnitíð hér að ofan það sama og á bæjarhól 001.

KAMBUR Í KRÓKSFIRÐI (AB) - BÆNHÚS

Bænhús þar fram yfir 1710; PP, 172.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Kambs, 6; JÁM VI, 192; PP, 172

BA-015:046 *Litli--Kambur* tóft býli 65°29.981N 21°58.608V


Í örnefnaskrá segir: "Á bökkunum að vestanverðu, upp af Ekruhöfða og Helgusteinum, sjást greinilega tóftir, sem kallaðar eru Litli-Kambur. Sagt er í gömlum heimildum, að þar hafi verið býli og bænhús, og hafa verið þar nokkuð miklar byggingar. Þar út frá er lítið engi, Ósengi."



Litli Kambur, horft til vest-norðvesturs.

Litli-Kambur er hringlaga tóft og áföst henni er aflöng þúst, er tóftin um 420 m vestan við bæjarhól 001 og um 200 suðvestan við fjöru Króksfjarðar þar sem hún liggur hvað næst tóftunum. Ekki er ljóst í hvaða heimildir er vitnað er geta þess að bænhús hafi verið á Litla-Kambi. Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að gömul munnmæli segi frá því að þar hafi verið byggð „en engin sjást þess

nú merki, og ætla menn að þær tóftarústir, sem þar sjást, sjeu leifar af gömlu fjárbyrgi." Bænhúsið sem stóð á Kambi og sagt er frá í Jarðabók Árna og Páls getur því ekki hafa verið tengt Litla-Kambi.



Uppdráttur af tóftinni sem kölluð er Litli-Kambur.

Tóftirnar eru í sléttu grösugu túni. Þegar talað er um Litla-Kamb er aðalega átt við eina hringlaga tóft og verður fjallað um hana hér sem tóft A en ekki verður betur séð en að þúst sé áföst henni og verður hún hér nefnd B. Tóft A er svo til hringlaga, um 7 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og er op er á henni til norðvesturs. Tóftin er mjög græn og veggheðslurnar greinilegar, um 2-4m á breidd. Innri brún veggja er mjög skýr og veggheðin þar allt að 150 cm. Ytri brún er hins vegar aðeins um 60cm. Ekki sjást neinar grjóthleðslur. Þúst B er mun óljósari en tóft A og er öll hlaupin í þúfur. Hún er suðvestan við tóft A og virðist hún vera áföst henni. Þústin er 31 x 8 m að stærð og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Hún virðist skiptast í tvö hólfi, er annað hólfið alveg þétt upp við tóft A sem myndar norðausturgöfl þess og er það 15 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki var hægt að greina neitt op á þessu hólfi. Hitt hólfið er suðvestan við það fyrr nefnda og er 7 x 3 m að

innanmáli, snýr einnig eins og tóftin. Á þessu hólfi mátti greina op suðvestast á til vesturs en allt er þetta mjög óljóst. Innri brún veggja er skýrari en ytri brún sem er á kafi í grasi og hlaupin í þúfur. Vegghleðslur virðast nokkuð voldugar, um 2-3 m á breidd og um 50 cm á hæð. Á milli hólfanna er lítið innskot í vegginn norðvestanmegin. Mögulega gætu verið fleiri fornleifar á svæðinu sem eru orðnar mjög ógreinilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BA-029 Reykhólar

Í Landnámu segir: "Dóttir Hergils var Þorkatla, er átti Már á Reykjahólum." ÍF I, 153. Í Eyrbyggja sögu segir: "Um várit eptir fundusk þeir á Þórsnessþingi, Snorri goði ok Þorsteinn ór Hafsfjarðarey, mágr Illuga svarta. Þorsteinn var sonr Þorgils Þorfinssonar, Sel-Þórissonar frá Rauðamel; en móðir hans var Auðr, dóttir Álfs ór Dölum, ok var Þorsteinn systrungr Þorgils Arasonar af Reykjahólum [...]" ÍF IV, 154. Í Fóstbræðra sögu segir: "Í þenna tíma bjó á Reykjahólum á Reykjanesi Þorgils Arason; [...]" ÍF VI, 124. Í Grettis sögu segir: "Þorgils bjó þá á Reykjahólum; [...] Úlfs sonar ins skjálga [langafi Þorgils], er nam Reykjanes." ÍF VII, 91.

Í Njáls sögu segir: "[...] sá spurði at Guðleifi, ok er hann fann hann, mælti hann: "Njóta skalt þú Þorgils, bróður þíns, á Reykjahólum, at ek vil gera þér njósn, at þeir hafa margar fyrirsátir, ok þat með, at Þorvaldr inn veili er með flokk sinn við Hestlæk í Grímsnesi." ÍF XII, 264.

[1274]: Máldagi Reykhólakirkju. "Þessi er kikiv maldagi at reykholvum. Þr skal vera prestur oc diakn nema sa vili helldr ij presta er byr þar er oc omaga vist." DI II, 122.

[1397]: Vilchinsbók. "Kirkia hins heilaga Bartholomei a Reykiaholumm a heimaland half. IX kyr oc Xij ær." DI IV, 153-154.

[1424]: "Gunnlaugur Teitsson og Sigurðr Þorbjarnarson lýsa því, að þegar Hrafn Guðmundsson reið fyrst til Reykhóla eptir pláguna, þá hafi Ari bróðir hans handlagt honum þá peninga, er honum hafði fallið í erfð eptir móður sína og Snjólf bróður sinn, og Hrafn hafði að sér tekið, en Hrafn bazt undir að lúka allar skuldir Snjólf." DI IV, 313.

[1434]: Kaupmálabréf Lopts Ormssonar og Solveigar Þorleifsdóttur. "Var þesse

kaupmæli lýstur ok stadfestur j millum tueggia velborinna manna af einne hælfuo Orms bonda Loptssonar enn æf annari hans eiginkuinnu hustru Solveigar Þolleifsdottir æ Reykiaholum sunnudagin fyrstan j vetri." DI IV, 549. [1446]: Skrá um eignir Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum, þegar þær voru teknar undir konung. "Þa var til bus a Reykiaholum fimm kyr og xxxx halft annad hundrad asaudar og ellefu oxar og fiorutijger tnæuetrer og þreuetrer [...]." DI IV, 684. [1467]: Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson hinn ríka. "Hlaut þorleifur Þörnsson j sitt hlutskipti reykiahola a reykianesi, skaleyjar, hamarland, halft midianes, skerdingsstadir, haullustader, midhus, barmar, hyrningsstader, berufiordur, kinnastader, skogar, kollabuder, hiallar, skaldstader, hrishuol, munistunga, hafrafell, vogsbotn, biorg." DI V, 502. [1478]: "Skrá um dýrleika á þeim jörðum Guðmundar ríka á Reykhólum, sem voru ranglega haldnar og leggja skyldi apr." DI VI, 141.

1566: Séra Þorleifur Björnsson selur Páli Jónssyni alla Reykhóla, kaupahlutann fyrir 60 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 101.

1571: "Illugi Nikulásson ber vitni um landamerki milli Reykhóla og Miðhúsa, en hann hafði verið vistarmaður á báðum þessum bæjum." Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 102.

1572: Kvittun Sr. Þorleifs Björnssonar fyrir borgun Páls Jónssonar upp á 80 hndr. fyrir Reykhóla á Reykjanesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 103.

1583 (1586?): Páll Jónsson og Helga Aradóttir gefa Elínu Pálsdóttur Reykhóla á Reykjanesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 219-220.

1598: Elín Pálsdóttir tekur löglega við Reykhólum sem brúðargjöf frá föður sínum. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 108.

1601: Björn Benidiktsson eiginmaður Elínar Pálsdóttur selur Ara Magnússyni Reykhóla. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 110.

1640: Jörðin nefnd í kaupmálabréfi í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 122-123. 1653: Sonarsynir Ara Magnússonar erfa Reykhóla, fasteignamat óþekkt. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 164.

1686/1695: 60 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1695: 18 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: Kirkjustaður, 60 hndr. JÁM VI, 212. 1801: Fjórbyli í byggð. Manntal Vesturamts,

196-197.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.


1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 192-193.

1847: dýrleiki 120 hdr. "Auk hjáleigna þeirra, sem taldar eru, minnst líka A.M., sem einn segir frá leigumála þeim, á eyðihjáleiguna Kaldrana og Titlingastaði, sem taldar voru með Reykhólum 1805" JJ, 176.

1899 til 1920: "Gömlu hjáleigukotin voru horfin og allir bjuggu í eina og sama bænum, jafnt húshjón, [...] sem annað heimilisfólk." Breiðfirðingur 1966, 32.

1920: Tún 10,7 ha, 2/5 slétt, kálgarðar 1110 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur á landi er mjög ljettur og svipull, en í eyjunum fyrir sauðfje góður, en þar má ekki vera stórt yfir xl fjár. [...] Eggver í Reykhólaeyjum af æðifugli gott, og kann að fást í meðallagi vel xx c eggja og 8 eður 9 fjórðungar dúns, stundum meira eður minna eftir árferði. Lunda og kofnatekja að



Gömul mynd af bænum í Reykholti (ÁFÍ 1959, bls.39 Ljósmynd: Björn Björnsson).

gagni, þá það verður aðsókt. Selveiði í nót lítil, en uppdráp á vetur að góðu gagni, þegar að til þess gefur, en það er svipult og lítið eður ekki neitt stundum, og er þessi selveiði og lundatekja í Reykhólaeyjum. Skelfisksfjara mjög lítil, hefur áður betri verið. Rekaftök meinast að kirkjan eigi nokkur á Ströndum norður, sem finnast í kirkjunnar máldaga. [...] Landspart á

kirkjan í Kollabúðardal vestan fram, sem kallast Hvannahlíð, fram frá Grjótá. Þángað hefur verið brúkaður geldnauta upprekstur af staðnum. Raftviðarskógur er nokkur á þessari Hvannahlíð, og brúkar ábúandi hann til húsabótar eftir sem hann fær við komið. Silúngsveiði nokkur er fyrir þessu landi í Þorskafjarðará, til helmínga móti Kollabúðum. Hún brúkast nú lítt fyrir fjarlægðar sakir, því þángað er meir en hálf þingmannaleið. Engjunum spillir Grundará með grjóts áburði, og sumstaðar eru engjarnar mjög votunnar. Heyið, það sem í eyjunum fæst, verður á skipi að flytja til meginlands, og so heim á hestum. Úthagarnir heimastaðarins eru mjög kostalítlir, en selhagarnir á Barmahlíð eru

sæmilega góðir. Hætt er kvikfje nokkuð á meginlandi fyrir sjáfarflæðum, og mjög so í sumum eyjunum." JÁM VI, 213-214.

BA-029:001 *Reykhólar* bæjarhóll bústaður 65°26.912N 22°12.202V

Í Árbók ferðafélagsins segir: "Staðhættir eru þannig heima við, að lítil á, Grundará, fellur af fjalli niður og hefur myndað sléttar, lítið eitt hallandi eyrar við fjallsræturnar, en suður og niður frá áreyrunum eða skriðunni er breiður, sléttur melur, Skeiðið, sem nær heim að gamla túninu, sem er á allmiklum hól, og hallar allbratt niður af honum á þrjá vegur, til austurs, suðurs og vesturs, en að norðan er lágt upp á hólinn, og liggur vegurinn þar. Á hólnum stóð gamli bærinn til skamms tíma, en hefur nú verið rifinn. Kirkjan [002]



Bæjarhóllinn á Reykhólum. Horft til suðvesturs.

stendur þar enn. [...] Fyrir allmörgum árum eignaðist ríkið Reykhóla með hjáleigum. Jörðin var þá komin í mikla niðurníslu, en síðan hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu hennar, [...] austan vegarins uppi á hólnum er gamla timburkirkjan [002] í kirkjugarðinum, þar er einnig íbúðarhús bóndans, sem nú hefur aðeins lítinn hluta jarðarinnar til afnota. Gamli bærinn stóð áður örlítið

sunnar á hólnum." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Héðan [frá Grund 030:001] er farið beint í suður ofan að Reykhólum [001]. [...] Höfuðbólið Reykhólar er hundrað hundraða að dýrleika. Bóndaeign helftin, nl. 60 c.. Bærinn stendur á háum hól frá hverjum að hallar á allar síður. [...] Bærinn á Reykhólum er reisulegur, allur nýlega [skrifað 1839] byggður af herra Th. Thoroddsen, er þar hefur búið framundir 30 ár." Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirssdóttur í Breiðfirðingi frá 1966 segir: "[...] efst á hólnum á gamla bæjarstæðinu stendur nú höfuðprýði staðarins nýja kirkjan. Getur hún óneitanlega öðru fremur veitt gamla höfuðbólínu svip og reisn - að nokkru svo sem það áður hafði meðan gamli, grasigróni bærinn blasti þar við sjónum með brattar burstir til allra átta." Reykhólar er kirkjustaður og er hann syðst á Reykjanesi og liggur vegur nr. 607 að bænum sem er sunnan við kirkjugarðinn. Bæjarhóllinn er um 40 m norðaustan við

nústandandi kirkju sem byggð var á árunum 1959-1963.

Bæjarhóllinn er í sléttu landi. Hann er stór en lágur hóll sem vel sker sig úr landslagi.

Kirkjugarðurinn sem hefur verið stækkaður á undanförunum árum nær núna að hluta upp á bæjarhólinn.

Í Árbók ferðafélagsins segir: "Seinni hluta 19. aldar [lét ábúandi] reisa mikinn bæ að Reykhólum. Var hann gerður að fornum hætti af timbri, torfi og grjóti og með burstasniði. [...] lágt til lofts og þröngt í svefnloftum, sem voru í risunum, og náðu súðirnar víða til gólfs á báða vegu, en aðeins vel manngengt undir mæniási. Lét bærinn æðifljót á sjá undan hinni úrkomusömu veðráttu og var orðinn óíbúðarfær að kalla um 1940." "Þá skal minnast lítið eitt á bæinn. - Hann var þá í mínum augum bæði stór og fagur, enda talinn þar um slóðir hinn glæsilegasti, sem sjest hefði. Þrýðilega byggður að veggjum og vandaður að öllu, með þrem stafnpiljum samstæðum, er vissu fram á hlaðið í útsuður (). - Jók það ekki allítið á hrifningu mína, hve mikill hátíðarsvipur virtis þá yfir öllu. - Á öllum burstunum vimplar, sem bylgjuðust fyrir blænum, og á hlaðinu afarmikill skáli - veislusalurinn, - sem Bjarni bóndi hafði í skyndi slegið upp úr borðvið þeim, er hafa skyldi í stofupiljur síðar, því bærinn varð ekki fullbyggður fyr en um haustið." [Hlín, 25]. Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Reisulegastir bæir í Reykhólasveitinni eru ... Á nesinu Reykhólar og Staður. Í firðinum eru flestir bæir vel umhirtir og snotrir. Til húsabygginga brúka flestir rekavið til máttarviða, en í loft, skarskúðir yfir hús og vandað smíði er fenginn danskur viður, þegar hann fæst. Rekaviðurinn er sóttur norður til Strandasýslu. [...] Til áreftis á hús er skógarraftur notaður, en hann fæst nú varla að gagni." Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirssdóttur í Breiðfirðingi frá 1966 segir einnig um tímabilið frá 1899-1920: "Eldhús voru þar tvö á bænum: Stórt, gamalt hlóðaeldhús í

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1920; ÁFÍ 1959, 34, 35-36, 39-40; Hlín 25 1942, 83; SSV I, 55, 60; SSV I, 71; Breiðfirðingur 1966, 30-41; Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 39

BA-029:002 *Reykhólakirkja* kirkjugarður kirkja 65°26.931N 22°12.194V

Í Árbók ferðafélagsins segir: "[...] austan vegarins uppi á hólnum er gamla timburkirkjan [002] í kirkjugarðinum, þar er einnig íbúðarhús bóndans, sem nú hefur aðeins lítinn hluta jarðarinnar til afnota. Gamli bærinn stóð áður örlítið sunnar á hólnum." Í örnefnaskrá

Reykhóla segir: "Túnið: Norður af kirkjugarðinum er Bogavöllur, Nývöllur, þar var fyrrum hjáleiga, Árnahús. Maríutröð." Á túnakorti er kirkja um 39m norðnorðvestan við bæ 001. Sú kirkja sem sýnd er á túnakortinu hefur verið tekin niður og þegar ný kirkja var byggð á Reykhólum fékk hún nýtt stæði. Var það um 75m suðvestar en það eldra. Stóð gamla kirkjan á Reykhólum inn í kirkjugarðinum norðan við bæjarhólinn 001. Stóð eldri kirkjan um 30 m norðan við bæjarhól og 70 m norðaustan við núverandi kirkju sem var vígð 1963. Síðasta kirkjan sem stóð á gamla kirkjustæðinu var reist 1856 og rifin um 1975.

Gamla kirkjustæðið er inni í kirkjugarði sem enn er í notkun.

REYKHÓLAR Á REYKJANESI (AB) -Bartholomeusi (STAÐARANNEXÍA)

f. 1030: "Í þann tíma bjó á Reykjahólum á Reykjanesi Þorgils Arason; ... Illugi hét bróðir hans, hirðmaður hins heilaga Ólafs konungs. Hann var farmaðr mikill ok var jafnan annan vetr með Ólafi konungi, en annan á Reykjahólum; hann hafði út kirkjuvið ok skálavið" Fóstbr.s. 2. kap.

-"Spákerling [í Ólafsdal stuttu eftir víg Þorgeirs Hávarssonar] tók sótt um veturinn ok lá lengi. Hún andaðisk næstu nótt eptir pálmásunnudag. Lík hennar var flutt á skipi til Reykjanes, því at engin kirkja var nær Ólafsdal en sú, er á Hólum var"; Fóstbr.s. 19. kap; ÍF VI, 124

f. 1118: Ingimundr Einarsson prestur Þar. Kristni saga; Bsk I, 29.

1181: Helgi Skeljungsson prestur Þar, [áður á Hvoli í Saurbæ] Þorgerður kona hans var dótturdóttir Þorgils Oddasonar; Prestssaga Gupmundar, Bsk I, 424.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 12

1244: Reykjahólafor, menn flýja til kirkju, Tumi handtekinn og lagður undir kirkjugarð, veginn suður frá honum; Þórðarsaga kakala, Sturl 507, 508

[um 1274 (eða 1317)]: "Reykholar þessi er kirkiv maldagi at reykholvm. þar skal vera prestr oc diakn. nema sa vili helldr .ij. presta er byr.

"þar er oc omaga uist. oc skal sa rada er byr hver vera skal. qvenngilldr omagi oc megi vinna "sialfvm ser oc presti oc þat sem þarf j hvsvm inni. en eigi er hann skyldr at vinna vti nema hann vili. fa skal honvm klodi dag oc nott sva hann megi nyta. "Kirkia a halft land. kyr .vi. oc ær. viii. boekr .iiij. oc erv þar a .xij. manada tidir. messv fot .ij. oc kalek. kross smelltr. tiolld vm kirkiv alla. alltara klædi. fiogr a haaltare. en .iiij. vtar. hvorv

megin dvkar .ij. miok miklar [!] en .ij. litlar [!]. merke .ij. hvn a hest einn. "kirkia atti oc eyolfs ey. þa er hvn var vigd. en snorre narva son tok hana vt oc gallt fyrir .vj. "hundrud. hvn a oc reka oc renninga a sandnesi at helmingi. etcett."Máld DI II 120 [annaðhvot Skarð-Snorri d. 1260 eða Snorri lögmaður d. c. 1331]

1327: "Herra Jon byskup for yfir Vest fiorðu ok gerði vigslur a Reykia holum"

Skálholtsannáll, IA 206

[1394]: "VI. Kirkia hins h[eilaga] Bartholomæi ad Reikiaholum ä heimaland hälfift. kyr ix og ätta ær les Vilkinsbok. ecki ber ä mille utan um ærnar, j Vilkinsbok eru xiiij. en hier viij" Hítardalsbók DI III 774

1397: a heimaland halft. "Þar skal vera prestur oc diakn. nema sa vilie halldur tvo presta sem Þar byr oc omaga vist. og skal" "sa rada er byr. hvort vera skal kvenngilldur omagi oc meigi [vinna] sialfumm sier oc presti og Þat sem þarf inni j hvsumm. enn ei er hann skylldur ad vinna vti nema hann vilie. klædi skal honumm fa dag oc natt so ad meigi nyta. Kirkiann atte Eyolfsey Þa er hun var vijgd. enn Snorre Narfason tok hana fra oc gallt vjc.[á reka og renningar] Þangad liggia tiunder af xx bæium oc halfum fiorda. Philippus bondi þorleifsson lagde til kirkiunnar firir portionem jordina j Bormum og Þar med iiij kugilldi. vj. stikur heidid stycki. refil nyann xix alna langann [+ornamenti]" Máld DI IV 154

1450: Bp Jón Gerreksson hafði verið á yfirreið og skipaði sveinum sínum að taka mann úr kirkjunni - "ok biskup ion sagdi suo Þott kirkian væri saurgut j kuelld ath hann skylldi giora hana hreina ath morgni" - Vitnisburður DI V 51

3.8.1460: Vitnisburður um að Guðmundur Arason hafi veðsett kirkiunni á Reykhólum jörðina á "Skerðingsstöðum fyrir xxxc [fyrir ógreidda porcio]" DI V 216

27.6.1477: Jörðin Hofstaðir í Þorskafirði er í Reykhólakirkjusókn. DI VI, 114

23.8.1484: Jörðin Miðjanes er í Reykhólakirkjusókn. DI VI, 523

1495: fyrir þessar kirkiur a pall bondi [Jónsson á Skarði] ad suara. ... reykholar ... DI VII, 285-86 [AM Fasc LXIV, 25, minnisblöð Stefáns bps á skinni - greinilega skr. eftir yfirreið hans um Vestfirðingafjórðung sumarið 1495]

23.11.1500: Jörðin Kambur í Króksfirði er í Reykhólakirkjusókn. DI VII, 529

26.6.1501: "[Stefán bp segir að]ver haufum fulla uissv af feingit ath biskup magnus godrar minningar vor næsti forverare hafdi skipad til sancti Olafs kirkiv. aa stad. aa

reykianesi tiunder og alla gudtolla af þessvm iordum. hofstaudum kinnarstaudum. skogum. kollabudum. mula og halft midianes er adur liggia I reykholu kirkiu sokn." [og staðfestir hann þann gjörning] DI VII, 566-67

1575: Máld DI XV 589-590


[eftir 1598]: Þjsks. Bps. A,II. s. 156.



Gamla kirkjustæðið á Reykhólum. Horft til vesturs.

Í Árbók fornleifafélagsins 1976 segir: "Um sumarið var gamla kirkjan á Reykhólum tekin ofan á kostnað Þjóðminjasafnsins og rækilega merkt og að því búnu voru viðirnir fluttir hingað suður og komið fyrir í geymsluhúsnæði á Bessastöðum, en ekki var þá útséð um hvort tækist að fá kirkjuna endurreista annars staðar að sinni." Í Árbók fornleifafélagsins árið 1977 segir einnig:

"Reykhólakirkjan gamla, [...] var flutt vestur að Saurbæ á Rauðasandi, en heimamenn höfðu þá endanlega ákveðið að taka við



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli bæjarhóls 001 og kirkju 002.

henni og endurreisa í sinni gömlu mynd. Safnið kostaði flutning viðanna vestur [...] komst hún undir þak um haustið." Kirkjan hefur staðið miðsvæðis í kirkjugarðinum og má enn sjá votta fyrir upphlöðnum grunninum en hann hefur verið hulinn með torfi. Á grunninum hefur verið komið fyrir minnisvarða sem á er letrað: „Altarisstæði Reykhólakirkju 1856-1975". Hefur gamla kirkjan verið um 14x7m að stærð og snúið austur-vestur. Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og stækkaður, samkvæmt túnakorti frá 1920 var garðurinn þá 20 x 30 m og snéri austur-vestur en við athugun kom í ljós að hann er nú um 47x47m. Garðurinn hefur verið stækkaður um 14 m til vesturs og er sú stækkun nokkuð greinileg. Einkennist hún af

lágum bakka sem liggur þvert norður-suður yfir garðinn og mun það vera yngsta stækkunin. Þegar loftmynd var skoðuð af garðinum mátti sjá óljós ummerki um stækkun til suðurs og jafnvel ummerki eftir tvær stækkunir í þá átt. Sennilega hefur garðurinn aldrei verið stækkaður til norðurs. Í garðinum eru nokkrir runnar og eitt tré. Ekkert grindverk er umhverfis garðinn, þó hefur slíkt verið því sjá má nýsagaða timburstauta kíkja upp úr sverði og hefur það væntanlega verið timburgrindverk. Má enn sjá leifar þess sunnan við kirkjuhliðið úr rorum sem enn stendur og hefur verið á vesturhlið kirkjugarðsins. Ekki eru nein merkt leiði í garðinum frá 19. öld eða eldri og allstaðar hefur verið grafið umhverfis gamla kirkjustæðið.

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Reykhóla, 1; ÍF VI, 124; Bsk I, 29, 424; DI XII, 12; Sturl. 507, 508; DI II 120; IA 206; DI III, 774; DI IV, 154; DI V, 51; DI V, 216; DI VI, 114; DI VI, 523; DI VII, 285-86; DI VII, 529; DI VII, 566-67; DI XV, 589-590; Þjsks. Bps. A, II., 156; ÁHÍF 1976, 172

BA-038 Staður

Í Kumlbúa þætti segir: "En þetta var vestr á Reykjanesi vestr í Breiðafirði á Hamralandi inn frá Stað." ÍF XIII, 455.

[1283]: Bréf Eiríks konungs Magnússonar og Hákonar hertoga bróður hans til sýslumanna og handgenginna manna á Íslandi um að staðir, sem að erfðum hafi verið leikmanna eign, en klerkar hafa tekið, skulu aftur falla undir leikmenn. "...þeir ok þeirra foreldrar ok alldit upp skyldum eptir rettum maldogum en nu ero klerkar rangliga a setter sva sem ero stadr a Snæfellsnese Reykjahollt oc Selardalr." DI II, 240-41. [1363]:

"Testamentisbréf Benedikts Kolbeinssonar." DI III, 186.

[1397]: Vilchinsbók. "Olafskirkia a stad a Reykianese a heimaland alltt og allt land i

Barme og Mulaland i Þorskafirdi." DI IV, 156. [1470]: "Máldagi Staðarkirkju á

Reykjanesi, þegar síra Tumi Ólafsson afhenti, en síra Jón smásveinn tók við." DI V, 591-

92. [1487]: "Vitnisburður tveggja manna um máldaga kirkjunnar á Stað á Reykjanesi." DI VI, 609.

1680: Jörðin nefnd í landamerkjabréfi fyrir Hlíð í Þorskafirði með tilteknum örnefnum móts við Stað á Reykjanesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 132.

1686: 24 hdr., kirkjustaður. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1695: 20 hdr., kirkjustaður. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: "Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki óviss, því staðurinn er tíundarfrí, so sem öll önnur beneficia hjer á landi." JÁM VI, 206.

1801: Þrúbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 193-194.

1845: Tvíbýli (?) í byggð. Manntal Vesturamts. 197-198.

1847: 12 hdr., kirkjustaður. "Á.M. Telur hér 6 kirkjukúgildi; hann segir og frá ítökum nokkrum og hlynnindum, er kirkjan eigi, notuðum og ónotuðum, svo og frá eyðihjáleigum Fornstöðum og Hraunstöðum, er 1805 voru hafðar til beitar;" JJ, 176.

1870: Prestssetur, einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1949: Nýbýlið Árbær reist af Jóni Þórðarsyni frá Hlíð. "Það stendur í gamla Staðartúninu skammt fyrir vestan Staðará. Fylgir býlinu hálfur staðurinn með erfðafestuábúð. Hlynnindum skipta ábúendur jafnt á milli sín, svo sem dún og öðru eyjagagni, sel og hrognkelsum." SSFS I, 201.

1920: Tún 6,2 ha, 1/3 slétt, kálgarðar 807 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur í betra lagi. [...] Eggver lítið í eyjunum af æðifugli, svartbaki og öndum, og fæst hjer sjaldan meira í meðallagi en 200 eggja og fáeinar merkur dúns. Selveiði við áðurnefndar eyjar að nokkru gagni, þá vel er að sókt. Sölvatekja á útskerjum, mjög lítil, og ekki til hlynnenda teljandi. Skelfisksfjara á milli nefndra eyja hefur verið að okkru gagni en brúkast ei. Kirkjan á þriðjúng í viðreka og hvalreka á Hafnarhólmi á Selströnd, og þriðjúng í hvalreka og viðreka á Kollafjarðarnesi, úr seyly þeirri, er gengur úr Gullsteinum og að Hvalsá, jafnvel í ey sem á meginlandi. Þessara ítaka nýtur staðurinn, þá nokkuð uppber. Geldfjárrekstur á staðurinn, eftir máldaganum, á Miðdal í Steingrímsfirði. Þess hefur staðurinn og notið átölulaust. Þriggja manna íferð í Saubæjarfjöru á staðurinn eftir máldaganum. Sú sölvatekja hefur ekki brúkast so menn viti. Staðurinn á og, eftir nefndum máldaga, akurtröð á Svínanesi, í Hlíðarnesi og Lambhaga. Það ítak er staðnum að öngvu gagni og hefur ekki brúkast. Skógarpart á staðurinn í Hallsteinsness landi, sem kallast Teigsskógur,




Bæjarhóllinn og kirkjan á Stað, horft til norð-norðausturs.

inn að Grímkelsstaðaá og út á kleifina. Þessi skógur er lítill til raftviðar en nægur til kolgjörðar og eldiviðar, og brúkast frá staðnum átölulaust. Annað skógarítak á kirkjan í Skógarskóg í Þorskafirði, frá læknum, er fellur fyrir utan Skóga og fyrir neðan Þingmannagötur, og að götu þeirri, er almenningsvegur liggur út og upp að Vaðalsheiði að Kinnastöðum. Þessi skógur er nægur til kolgjörðar og

eldiviðar, og brúkast átölulaust. Þessi skógarítök liggja í fjarska við staðinn, og er erfitt þángað að sækja. Túninu spillir Staðará nokkuð með landbroti og grjóts áburði, og sýnist líklegra að það muni áaukast. Enginu spillir og sama á með grjóts og leirs áburði, og sumstaðar vatn, sem jetur úr rótina. Slægjur eru nokkrar í eyjunum hjer fyrir framan, og verður þaðan ekki flutt á hestum heyið, nema um stórstraumafjöru, að skaðlausu. Engjarnar á meginlandi eru mjög votunnar, so þar verður ekki þurkað heyið. Úthagar eru nægjanlegir, þó þeir spillist víða af skriðum. Hætt er kvikfje nokkuð fyrir sjáfarflæður, og so fyrir afætudýjum í landinu." JÁM VI, 206-207.

BA-038:001 *Staður/Breiðabólstaður* bæjarhóll bústaður65°29.040N 22°21.279V
 Í Árbók ferðafélagsins segir: "Staðarbærinn gamli stendur út við Staðará, neðan við hjallana nokkuð vestan við Hamarland [037:001]." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Staður á Reykjanesi (fyrst nefndur Gröf, síðan Breiðabólstaður, [...]) stendur vestan undir Reykjanesfjalli og niður undan Staðardal, sunnan til við Staðará, sem rennur ofan frá fjalli, fyrst um klungur, síðan um gljúfur í gegnum túnið, næstum ofan við bæ, og síðan frá túninu, um sléttar eyrar og mýrar, vestur og niður til sjóar. [...] Staður á Reykjanesi er prestsetur, 20 c. að dýrleika, með tveim hjáleigum, Laugalandi [040:001] 4 c. og Brandsstöðum [039:001] 4 c., sem stendur spölkorn fyrir sunnan túnið." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Á Stað eru tvö íbúðarhús. Annað er nær þrjátíu ára gamalt, stórt og rúmgott, hitt er fárra ára gamalt og nýtísku íbúð. Önnur hús á

jörðinni eru öll byggð úr varanlegu efni, miklar og góðar byggingar. Tún er þar um 27 hektarar að meðtöldu túninu á Brandsstöðum, enda eru nú frá 1940 hálfur Staður ásamt Brandsstöðum talin ein jörð." Staður er vel í sveit settur, að norðaustan er Flókavallargnípa og til vesturs og suður er gott útsýni til sjávar. Næst bæ til suðvesturs eru slétt tún. Staður er vestasti bær á Reykjanesi og liggur vegur nr. 607 alveg að bæjarhólnum sem er um 20 m vestan við kirkju og kirkjugarð sem er á staðnum. Á bæjarhólnum stendur íbúðarhús sem er byggt 1963 og er það steinhús, tvær hæðir og ris en enginn kjallari.



Upptákinn sýnir afstöðu milli bæjarhóls 001 og kirkju 002

Bæjarhóllinn er í sléttuðu túninu, í jaðrinum á húsabyrpingu sem er austan við bæjarhóllinn.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Reisulegastir bærir í Reykhólasveitinni eru ... Á neginu Reykhólar og Staður. Í firðinum eru flestir bærir vel umhirtir og snotrir. Til húsabygginga brúka flestir rekavið til máttarviða, en í loft, skarskúðir yfir hús og vandað smíði er fenginn danskur viður, þegar hann fæst. Rekaviðurinn er sóttur

norður til Strandasýslu. [...] Til áreftis á hús er skógarraftur notaður, en hann fæst nú varla að gagni." Bæjarhóllinn er 50 x 50 m að stærð og eru ytri mörk hans frekar óljós. Suðurhlið hans er greinilegust og þar má ætla að upphleðsla hans gæti verið um 2 m. Bæjarlækur rennur 25-30 m norðan við bæjarhóllinn. Ekkert sér til eldri minja á hólnum en þar sem hóllin er frekar greinilegur má ætla að lítið hafi verið rutt úr honum þegar húsið (1963) var byggt. Sennilega hefur bærinn snúið framhlið til vesturs að sjó eins og húsið sem þar stendur núna.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÁFÍ 1959, 41; SSV I, 51, 53, 71; SSFS I, 193-194

BA-038:002 kirkjugarður kirkja

65°29.037N 22°21.248V

Í örnefnaskrá segir: "Syðst í túninu er Staðarholt. Kirkjugarðsbrekka er ofan við Kirkjugarðinn." Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kirkjugarðurinn um 40 m austan við bæ 001. Í Árbók ferðafélagsins segir: "Löngum var þar [á Stað] prestsetur og menntasetur á stundum. Þar er nú [1959] gömul timburkirkja, komin að fótum fram. Verður hún vart endurreist á næstunni. Prestsetrið er nú að Reykhólum, [...]." Kirkja er enn á Stað og stendur hún í miðjum kirkjugarði um 20 m austan við bæjarhólinn 001.

Kirkjan er innan kirkjugarðs sem er enn í notkun og er nokkur húsaþyrping bæði sunnan og norðan við kirkjugarðinn. Austan við kirkjugarðinn er nokkuð brött og grösug brekka sem kallast Kirkjugarðsbrekka og að vestan er bæjarhóllinn, á milli garðsins og hólsins er vegur.

STAÐUR Á REYKJANESI (AB) -Ólafi

1199-1200: Þorgils Gunnsteinsson, faðir Lambkárs, prestur þar; Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 457, 460-461, 464.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 12.

1315: "kirkiu bruni a Stad a Reykia nesi; Konungsannáll, Skálholtsannáll, Gottskálksannáll," Flateyjarannáll, IA 151, 204, 344, 393.

1330: "Jon byskup Halldors son for vm Vestfiordu og uigdi kirkiu ... a Stad a Reykia nesi" Gottskálksannáll, IA 347.

[1363]: "Stadur a reykianesi. Olafskirkia ad stad ä reykianesi a heimaland allt j barmi oc mulaland j þorskafirdi. þridiungur vidreka oc hualreka a hafnnar holmi. fiordung hualreka oc vidreka j nesodda.afreit j middal. akurgerdi j suinanesi j hlijdarlandi. þriggia stacka skurdur j hamra land. teig skogur oc torfskurdur j toptadal.iiij. kyr og vj ær. halft setta hundrad j virdijnngarfe oc er þar j þriffia manna jferd j sorbæiar fioru. hun a jnnan sig krossa ij. olafs skript. kaleka ij. alltara klædi ij. messuklædi oc hocull loss. sacrarium munnlog. glodaker. bækur fiorar. baksturjarnn oc salun. klockur fiorar. tiolld vm kirkiu. merki. kerttistikur tuær. Jtem greiddi sijra eyiolfur j stadarspioll. ccc. j haustlagi oc ccc voru. Máld DI III 196.

[1394]: VII. Olafskirkia ä Stad ä Reikianese ä heimaland allt og allt land j barme. les Vilkinsbok; Hítardalsbók DI III 774.

1397: aa heimaland alltt. og alltt land j Barme. og Mulaland j Þorskafirdi [+hvalreka, viðreka, afrétt, akurgerði, stakkskurð, skóg, torfskurð og fjöruiferð]

Jtem greiddi sira Eyolfur j stadarspioll. ccc. j haustlægje og .ccc. j voru. Jtem gaf Ormr Snorrason Mariuskriptt. Jtem cc. portio ecclesie vm so langan tima. sem sira Helgie hiealltt hundrat. Jtem ad auk Þessa .vj. hundrud j stadarspioll. er sira Helgie tok stadin; Máld DI IV 156-157.

[1470]: "Máldagi Staðarkirkju á Reykjanesi, þegar síra Tumi Ólafsson afhenti, en síra Jón smásveinn tók við." DI V, 591-92.

10.12.1497: Þath gioruvn vær hermundr prestur odzson. olafur diakne þorkielsson og arnoddur tomasson godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi at uær hofum sied yferleset og giolla skodat maldaga kirkiunnar a stad a reykianese suo latanda at hvn ætte landet j barme j diupafirde jnn ad gliufura og ut at steinum þeim sem standa a ytra leite og alla halfa soluafioru til motz uid midhus suo og teig skog allan j millum grimkelsar og kleifar. suo og stod j hennar maldaga at hunn ætte heimalandet allt a stad jn at merkis holum j innara hraun og upp j flokauallda nipu og j austann verda þorsteinsey og þar upp j snos. Og til sanninda hier umm settum uær fyrrnefnder menn vor insigle firir þetta uittnisburdarbref er skrifat uar a stadarstad a reykianese manudagenn næsta firir magnusmessu anno domini M°. iiijc. lxxx°. septimo. DI VI, 609-610 [AM Apogr. 2305 ex originali fra Stad a Reykianese. accuratissime].

7.2.1497: Jörðin Miðjanes á Reykjanes er í Staðarkirkjusókn. DI VII, 331.

26.6.1501: Dómsbref Biskups Stepháns um Gudtolla til Stadarkirkio. Ver steffan med gudz nad biskup j skalholhti giorum godum monnum kunnigt med þessv vorv opnv brefi ath ver haufum fulla uissv af feingit ath biskup magnus godrar minningar vor næsti forverare hafdi skipad til sancti Olafs kirkiv. aa stad. aa reykianesi tiunder og alla gudtolla af þessvm iordum. hofstaudum kinnarstaudum. skogum. kollabudum. mula og halft midianes er adur liggia I reykholakirkju sokn. litz oss og vorum prestvm og prelatum med þeirra radi j almenniligri prestastefnv. þat j allan mata skiallegt. og suarlegt fyrir sæker þess ojafnis skiptis. semverit hefur millum kirknanna vm langan tima. þui samþikivm ver og stadfestum þennn giorning med ollu kirkiunar radi og skipum vnder krapht heilagrar hlydni at lukazt skule tiunder og aller gudtollar af greindum bægium. þeir sem adur hafa gollidizt til reykholakirkju. evenliga hier epter til kirkiu ens heilaga olafs

konvngs. a stad aa reykianesi. Ok til sannenda hier vm. festvm ver vort in sigle fyrer þetta
bref skrifad j skalhollti. in festo sanctorum martirum johannis et pavli. anno domini. Mdj.
DI VII, 566-67 [AM Apogr. 2306 ex originali fra Stad ä Reykianesi. accuratissime.
Önnur afskr. er til frá 18. öld en þá hefur frumr. verið orðið skemmt].
1575: Máld DI XV 588-589.

16.11.1907: Gufudalssókn lögð til Staðarprestakalls; (PP, 172) [lög].

Í Árbók fornleifafélagsins 1965 segir: "Með bréfi dags. 19. maí [1964] heimilaði
menntamálaráðuneytið, að gamla timburkirkjan á Stað á Reykjanesi í Barðastrandasýslu
væri tekin á fornleifaskrá. Hún var byggð árið 1864 af Daníel Hjaltasyni, sem var
gullsmiður og þjóðhagi. [...] Staðarkirkja er prýðilegt sýnishorn af íslenskri timburkirkju,
eins og þær voru margar byggðar fyrir miðja 19. öld."

Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "Staður. Gamla kirkjan á
Stað; tekin á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 19.05.1964. Ekki
þinglýst." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Árið 1948 var
prestsetrið flutt að Reykhólum. En kirkjan stendur enn á Stað, hana byggði Daníel



Kirkjan á Stað, horft til norðausturs.

Hjaltason í Hlíð fyrir 120 árum, um
1860. Þegar kirkjan varð hundrað ára
gömul 1960 var hún orðin fremur hrörleg
og úr sér gengin. En sumarið 1964 var
hún endurreist að tilhlutan
Þjóðminjasafns Íslands og er vonandi að
hún búi að þeirri viðgerð um langan
aldur, því að við hana á margur bundnar
hlýjar og helgar minningar, sem munu
ylja um ókomna framtíð." Kirkjan er
timburhús með lítinn turn við

vesturgaflinn og grjóthlaðinn sökkull. Hún er 9 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur.
Kirkjan er inn í miðjum kirkjugarði eins og áður hefur komið fram. Hann er um 40 x 30
m að stærð og snýr norður-suður. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var garðurinn 26 x 26 m
að stærð en á því er einnig sýnd stækkun til suðurs um 8 m og því hefur garðurinn verið
orðin 26 x 34m að stærð um 1920. Vitað er til þess að garðurinn var aftur stækkaður fyrir

1950, sennilega milli 1930-40 og þá um 5 m til suðurs og má enn sjá ummerki eftir þá stækkun. Kemur hún fram í smá hæðarmun á eldri hlutanum og þeim yngri. Garðurinn hefur því verið stækkaður að minnsta kosti tvisvar, fyrir eða mjög nálægt 1920 og svo aftur einhvern tímann fyrir 1950. Umhverfis garðinn er torf- og grjóthlaðinn garður sem er um 120 cm á hæð og um 1m á breidd. Hann er vel hlaðinn og í ágætu ástandi þó rof sé komið í hann á einum stað. Garðurinn hefur ekki verið sléttaður. Í honum er því mikið af ómerktum upphlöðnum leiðum en yngri leiðin eru einnig upphlaðin. Eitt stakket er í garðinum en einnig nokkur tré. Eru runnar í báðum norðvestur- og norðausturhornum garðsins og nokkur víðitré upp við austurhlið hans. Eitt birkitré er norðanmegin við hlið garðsins sem er fyrir miðri vesturhlið, er það hvítt timburhlið. Samkvæmt túnakorti frá 1920 hefur heimreiðin leigið úr suðurátt, austan við kirkjugarð og beygt þar til vesturs heim að bæ. Þá hefur hlaðið verið sunnan við bæinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Staðar, 9;Túnakort 1920;DI IV, 156;Bsk I, 457, 460-461, 464;DI XII 12;IA 151, 204, 344, 393 ;IA, 347;DI III, 196; DI III, 774;DI IV, 156-157; DI V, 591-92; DI VII, 331; DI VII, 566-67; DI XV 588-589 ; PP, 172; ÁHÍF 1965, 150; ÁÓG 1990, 33;SSFS I, 199

BA-041 Hlíð

Í Landnámabók segir: "Ingjaldr var son þeira, er bjó í Hergilsey ok veitti Gísla Súrssyni. Fyrir þat gerði Börkr enn digri af honum eyjarnar, en hann keypti Hlíð í Þorskafirði." ÍF I, 153. Í Þorskfirðinga sögu segir: "Þórir [...] átti annat bú í Hlíð." ÍF XIII, 226.

[1363]: Máldagi Staðarkirkju. "Olafskirkia ad stad a reykianesi a heimaland allt j barmi oc mulaland j Þorskafirdi. Þridiungur vidreka oc hualreka a hafnnar holmi. Fiordung hualreka oc vidreka j nesoda. Afreit j middal. Akurgerdi J suinanesi J hlijdarlandi." DI III, 196. [1470]: "Máldagi Staðarkirkju á Reykjanesi, þegar síra Tumi Ólafsson afhenti, en síra Jón smásveinn tók við." DI V, 591.

1581: Magnús bóndi Jónsson kaupir Hlíð á 24 hndr. Selur hana aftur fyrir Auðshaug á Hjarðarnesi strax árið eftir. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 107-108.

1686/1695: 24 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1698: Einar eldri Einarsson erfir Hlíð, að verðmæti 24 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 147.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 24 hdr., bændaeign. JÁM VI, 208.

1801: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 194.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Þríbýli (?) í byggð. Manntal Vesturamts, 198-199.

1847: 24 hdr., bændaeign "1805 er eyðihjáleigan Hlíðarkot talin með." JJ, 177.

1870: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1870: Grasbýli sem kallast Hlíð í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands. Fór í eyði 1959. SSFS I, 209.

1920: Tún 3,2 ha, 1/5 slétt, kálgarðar 195 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur fyrir sauðfje í meðallagi, en fyrir hesta mjög lakur, og er þeim í burt komið á vetur til hagagöngu. [...]
Engjarnar spillast af skriðum úr fjallinu allvíða. Úthagarnir eru bjarglegir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og so fyrir Hlíðará. Fjenaðargeymsla er mjög erfið." JÁM VI, 208.

BA-041:001 Hlíð bæjarhóll bústaður

65°31.788N 22°11.163V




Bæjarhóllinn í Hlíð, horft til suð-suðausturs.

Þorskfirðingasaga: "Þórir [...] átti annat bú í Hlíð." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Út með firðinum [Þorskafirði], stutta bæjarleið, stendur Hlíðarbær, norðan undir Hlíðarhálsi, skammt frá sjó. Jörðin er 24 c. að dýrleika." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Jörðin Hlíð fór í eyði haustið 1959, og nú eru þar öll hús fallin eða rifin nema fjósið og

bærinn, og varla mun hann vera talinn mannabústaður eins og hann er. Túnið þar er 4 til 5 hektarar. Það spratt vel meðan það var nytjað og hirt, en það eru mjög ár síðan ljár var

borinn í gras í Hlíð. Jörðin er nytjuð til beitar frá Stað. Það eru mjög litlar líkur til að aftur rísi byggð í Hlíð." Hlíð er sunnan Þorskafjarðar, um 2 km suðvestan við Hofstaði BA-042 og er jörðin farin í eyði. Þangað liggur jeppaslóði og endar hann við túnfótinn á Hlíð. Bæjarhóllinn er í túni sem er í talsverðum bratta til norðurs. Fyrir ofan bæ eru lágur



Myndin sýnir uppdrátt af bæjarhólnum 001.

klettaborgir sem hafa afmarkað túnið til suðurs. Bæjarhóllinn er 40 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Mörk hans eru nokkuð greinileg og þegar staðið má ætla að upphleðsla mannvistarleifa sé um 2-2,5 m. Framhlið bæjar hlýtur að hafa snúið til norðurs, að firðinum. Á bæjarhólnum standa enn leifar síðasta íbúðarhúsins á jörðinni sem var tveggja hæða timburhús. Hliðar þess og þak hafa verið klædd bárujárn en auk þess hefur torf verið sett á þakið. Steyptur strompur er fyrir miðju húsi.

Austurgafllinn er hruninn að ofanverðu og reyndar er austurhluti **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF XIII, 226; Túnakort 1920; SSV I, 49; SSFS I, 209

BA-041:002 heimild um bænhus

65°31.788N 22°11.163V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Sagt er að hjer hafi að fornu bænhus verið, sem af sje fallið fyrir manna minni." Ekki er lengur vitað hvar bænhusið í Hlíð stóð og ekki könnuðust staðkunnugir við að nokkru sinni hefði verið komið niður á bein eða annað það sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu hússins. Líklegast verður að telja að það hafi verið í næsta nágrenni bæjarins og því var hnit tekið á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM VI, 208

BA-042 Hofstaðir

Í Landnámu segir: "Þá bjó Þrándr mjóbeinn í Flatey, er Oddr skrauti ok Þórir son hans kómu út. Þeir námu land í Þorskafirði; bjó Oddr í Skógum, en Þórir fór útan ok var í hernaði; hann fekk gull mikit á Finnmörk. Með honum váru synir Halls af Hofstöðum." ÍF I, 154.

Í Þorskfirðinga sögu segir: "Með Úlfi [hinum skjálga] kom út sá maðr, er Hallr hét, ættstórr ok mikilhæfr; hann bjó á Hofstöðum við Þorskafjörð ok reisti þar hof mikit, [...]" Eftir dauða Halls flutti Hyrningur sonur hans að Hofstöðum. ÍF XIII, 177, 221.

[1477]: Svartr Þórðarson kvittar Jón Ásmundsson um andvirði sjö hundraða í Hofstöðum í Þorskafirði. "Þat giori eg suartur þorðarson godum maaunnum kunnigt med þessu minu opnu brefe at eg medkennunzt at eg hefe fulla peninga og alla uppborit sem mier uel anæger af jone asmundzsyne fyrir þau saumu siau hundrud er eg sellda honum j hofstaudum i Þorskafirde j Reykhola kirkiusokn." DI VI, 114. [1501]: Útskurðarbréf Stepháns biskups í Skálholti um guðtolla til Staðarkirkju á Reykjarnesi. "[...] til sancti Olafs kirkiv a stad a reykianesi tiunder og alla gudtolla af þessvm iordum hofstaudum, [...] er adur liggja i reykhola kirkiu sokn." DI VII, 566-567.

1666: Jörðin Hofstaðir nefnd í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 166.

1671: Jörðin metin á 16 hdr., seld Margréti Jónsdóttur. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 167.

1684: Jörðin metin á 16 hdr., gefin Þorleifi Jónssyni 16. júlí. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 135-136.

1686: Rúm 16 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1695: 16 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 190.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 16 hdr., bændaeign. JÁM VI, 209.

1801: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 195.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 199.

1847: 16 hdr., eign ábúanda að Kirkjubóli á Bæjarnesi. JJ, 177.

1920: Tún 2,9 ha, 1/4 slétt, kálgarðar 516 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur í meðallagi fyrir sauðfje, en mjög lakur fyrir hesta, og er þeim oftast í burt komið út á Reykjanes, og er

venja, að gefa v álnir undir hvörn hest. [...] Engjar öngvar, nema blettir innan um skóginn hingað og þangað, sem þó eru búfjárhagar. Landþröngt er, nýtur ábúandi þolinmæði nágranna sinna, en geldur eigi beitartoll. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum í landinu." JÁM VI, 209.

BA-042:001 *Hofstaðir* bæjarhóll bústaður 65°32.778N 22°09.570V

Í Þorskfirðinga sögu segir: "Hallr [...] bjó á Hofstöðum við Þorskafjörð [...]." Í örnefnaskrá segir: "Örnefni í túni: Bærinn stendur á Bæjarhól á að giska 50 metrum ofan nú en gamli bærinn stóð." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Hofstaðir, 16 c.



Bæjarhóllinn á Hofstöðum, horft til suðausturs.

að dýrleika, standa norðan undir Hofstaðahálsi. Nær túnið næstum til sjóar." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Á Hofstöðum er nú nýlegt íbúðarhús gjört af timbri og jární, dágóð íbúð. Önnur hús eru í nothæfu standi. Svo er þar nýbyggð votheyslaða, stór og rúmgóð. Tún er þar 8 til 9 hektara og sprettur vel þegar gott er í ári."

Gamli bæjarhóllinn er um 50m vestan við núverandi íbúðarhús á Hofstöðum sem er byggt á 8. áratugnum. Þétt austan við hólinn eru hesthús og er hrossum beitt á hólinn. Bæjarhóllinn stendur í landi sem er frekar hæðótt og hallar lítið eitt til vesturs. Bæjarhóllinn er um 40x30m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, mörk hans eru óljós en upphleðslan er alla vega um 2m. Hóllinn er ójafn og má víða sjá í grjóti í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofstaða, 2; Túnakort 1920; ÍF XIII, 177; SSV I, 49; SSFS I, 216


BA-042:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús 65°32.801N 22°09.619V

Í Árbók fornleifafélagsins segir í grein eftir Brynjúlf Jónsson: "Á Hofstöðum í Þorskafirði er sýnd hoftóft í túninu norður frá bænum, það er kringlótt girðing, nál. 10 fðm. í þvermál og upphleypt innan; þar er í miðjunni dálítil tóft, opin í vesturenda. Er að

sjá sem bænahús og kirkjugarður hafi fyrir löngu verið gjör upp úr hoftóftinni, þó eigi sé þess getið." Í örnefnaskrá segir: "Norður af tóftunum er Bænhúshóll. Hann er óhreyfður á þrjá vegu, en eitthvað verið nagað í hann á eina hlið. Á honum eru stórar þúfur." Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "Hofsstaðir. [...] d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. [...] Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931."

Innan tíns sést enn vel fyrir Bænhúshól, var honum þyrmt þegar túnið var sléttað á sínum tíma. Bænhúshóllinn er um 75 m NV við núverandi íbúðarhús og rétt um 5 m NV við gamla bæjarhólinn.

HOFSTAÐIR Í ÞORSKAFIRÐI (AB)



Uppdrátturinn sýnir afstöðu milli bæjarhóls 001 og bænhústóftar 002. Á myndinn sést einnig eldri uppdráttur Áke Ohlmarks sem birtist í bók Olavs Olsens; Hørg, hov og kirke. Grái ferhyrningurinn sýnir hvar núverandi íbúðarhús stendur og svarti flöturinn sýnir uppgraftarmörk fornleifarannsóknar sem fór fram á bænhústóftinni 2007.

"14 m beint N af hoftóftinni er lágur (1-1.5 m hár), illa hringlaga hóll sem kallaður er 'Bænhúshóll'. Hann er nálega sléttur að ofan en kargaþýfður þannig að erfitt er að greina þar vegg. Helst er að sjá aflanga tóft sem opnast í vestur. Hóllinn er um 13 m frá austri til vesturs og 16 m frá norðri til suðurs" segir í dagbók Orra Vésteinssonar.

Hóllinn er nálega hringlaga, um 1-1,5 m hár, fremur flatur að ofan en krappþýfður, um 24 m í SV-NA og 20 m í NV-SA. Ekki var unnt að greina áreiðanlegar tóftaleifar í þýfinu á yfirborðinu en þó mátti hugsanlega sjá móta fyrir húspúst á miðjum hólnum. Lag Bænhúshólsins minnir því óneitanlega á miðaldakirkjugarða með bænhúsi/kirkju í miðju (Guðrún Alda Gísladóttir 2008, bls 16).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaða, 3; ÁHÍF 1899, 17; ÁÓG 1990, 33, Dagb. OV 1990, 124-125.

BA-048 Gröf

Í Þorskfirðinga sögu: "Hallsteinn, son Þórólfs Mostra<r>skeggja, nam allan Þorskafjörð fyrir vestan ok bjó á Hallsteinsnesi [...]. Þessir menn fóru til Íslands með Hallsteini:

Hrómundr, er síðan bjó í Gröf [...]." ÍF XIII, 175. Í Þorskfirðinga sögu segir um Þórisstaði: "[...] ok buðu þeir Þóri land inn frá Gröf milli á tveggja [...] Þórir reisti bæ mikinn, þar er nú heitir á Þórisstöðum, ok setti þar saman mikið bú [...]." ÍF XIII, 194, 196.

Í Þorskfirðinga sögu segir: "Grímkell hét frilluson hans [Hallsteins], er bjó á Grímkelsstöðum út frá Gröf." ÍF XIII, 337. 1686/1695: 24 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191.

1700: Gröf nefnd í jarðaskiptabréfi Jón Arnórssonar og Guðrúnar Sveinbjörnsdóttur. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 93.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 24 hdr., einkaeign. JÁM VI, 217.

1801: Tvíbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 206.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Tvíbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 205.

1847: 24 hdr., bændaeygn. "1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar. A.M.segir að á Gröf hafi áður verið bænhús." JJ, 177.

1870: Gröf og Þórisstaðir, einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1884: Einbýli, Gröf og Þórisstaðir, í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956, 39-44.

1901: Einbýli, Gröf og Þórisstaðir, í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1957-1958, 33-40.

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Þórisstaðir hafa ekki verið í byggð frá 1965." SSFS II, 12.

Í leiðréttingum Jóns Kr. Guðmundssonar í Breiðfirðingi frá 1994 segir: "Gröf í Þorskafirði í Gufudalssveit er í eyði á veturnar frá haustinu 1989." Breiðfirðingur 1994, 172.

1920: Tún 3,1 ha, kálgarðar 221 m².

1920 Þórisstaðir: Tún 2 ha. Engir kálgarðar.

Í Þorskfirðinga sögu segir: "Hrómundr, er síðan bjó í Gröf [...]." Í örnefnaskrá segir:

"Þegar Ari Gíslason skráði, var Gröf að nokkru í eyði, heimabærinn var í rúst fallinn, nýr



Bæjarhóllinn á Gröf, horft til norðvesturs. Hann hefur verið sléttður og er því frekar ógreinilegur.

bær reistur á melunum. [...] Gamli bærinn stóð á Bæjarhól. Enn neðar er álíka hóll, með brekku móti austri, sem nefndur er Smiðjuhóll [047]." Í viðbættum Sigurborgar Hjartardóttur við örnefnaskrá segir einnig: "Bæjarhóllinn var ekki niður af bænum, bærinn stóð á Bæjarhólnum. Hann var hár hóll, en aflíðandi á tvo vegu, mót suðri og vestri, [...]. Bærinn var með fjórum

burstapiljum mót suðri. Austast var

skemma með heilum þilgafli, næst kom búr með hálfu þili og tveggja rúðu glugga á stafni. Þar næst komu bæjardyr með heilu þili og glugga upp yfir dyrunum, því þar var dyraloft. Þar næst kom baðstofan með þilgafli, sem náði ekki alveg niður að jörð, var smábekkur, sem hægt var að sitja á. Sex rúðu gluggi var á þilinu niðri og fjöggra rúðu uppi. Við hlið baðstofunnar kom svo mjótt sund, sem hægt var að ganga eftir, og þar næst eldiviðakofi. Því næst kom annað sund, sem var breiðara, og var það farið með hesta og kýr. [...] Nú er búið að slétta yfir bæinn og allar þessar tóftir. Þeim var öllum rutt í burtu og út í Kálgarðslautina [004 eða 012?], þar með yfir grafreitinn [002]. Einu merkin, sem hægt er að hafa til viðmiðunar, hvar hann sé, er brúin yfir lækinn og það, sem byggt var yfir vatnið, en aðeins af þaulkunnugum væri hægt að miða það nokkurn veginn." Í Árbók ferðafélagsins frá 1959 segir: "Gröf er næsti bær sunnan Þórisstaða [033]. Þar var lengi bænhus. Teigsskógur er sunnan við Gröf, allsnotur. Þar var um skeið, fyrir nokkrum árum, samnefnt nýbýli [065], en byggð er þar niðurlögð." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Gröf er nú eini bærinn í Gufudalssveit, sem er í byggð sunnan Hjallaháls. Þar er nýlegt íbúðarhús og byggingar aðrar í sémilegu ástandi. Tún er þar 8,5 hektarar." En í leiðréttingum Jóns Kr. Guðmundssonar í Breiðfirðingi á þessum texta frá 1994 segir: "Gröf í Þorskafirði í Gufudalssveit er í eyði á veturnar frá haustinu

1989." Bærinn Gröf er við norðvesturströnd Þorskafljarðar og um 2 - 2,5 km suðvestan þjóðveg nr. 60. Gamla bæjarhólnum í Gröf var umbyllt á 7. áratugnum og sér mjög lítið til hans. Hann er um 200 m vestnorðvestan við íbúðarhús sem er byggt 1972 og við rætur fells sem einkennist að klettaborgum. Eru hlíðar þess rauðleitar og ná þær svo til alveg að suðvesturmörkum bæjarhólsins.

Bæjarhóllinn stendur í nokkuð brattri brekku sem hallar til suðvesturs. Brekkan er öll grasi vaxin og er mikil snarrót í henni.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og engar tóftir eða byggingar standa þar nú (2008). Hóllinn er frekar ógreinilegur en mun þó vera um 30 x 20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Framhlið hans snéri til suðausturs út að firði eins og núverandi íbúðarhús. Upphleðsla mannvistarlaga í hólnum er a.m.k. 30 cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF XIII, 175; Túnakort 1920; Ö-Grafar, 1-2; Ö-Grafar aths., 20; ÁFÍ 1959, 47; SSFS II, 14; Breiðfirðingur 1994, 172

BA-048:002 heimild um bænhus 65°32.644N 22°12.718V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Hálfkirkja eður bænhus er hjer, og messað þá heimamenn gánga til altaris." Í örnefnaskrá segir: "Gamli bærinn [001] stóð á Bæjarhól. [...] Út og niður í túninu, talið frá gamla bænum hafði verið bænahús [002]. Markaði þar fyrir garðlagi."

Í athugasemdum Sigurborgar Hjartardóttur við örnefnaskrá segir einnig: "[...] á milli hennar [smiðjutóttar 047] og baðstofugaflsins var ógreinileg tótt, sem sennilega er bænhusstóttin. [...] Í beinni stefnu frá bænhusstóttinni voru nokkrar þúfur, sem allar sneru frá austri til vesturs, og mun það hafa verið grafreitir frá bænhusinu, man ekki hversu margar þær voru, en alltaf fimm til átta." Staðsetning bænhusssins er frekar óljós en það á að hafa staðið um 20m austan við bæjarhóllinn 001.

Minjastaðurinn er í brekku sem hallar til suðausturs.

GRÖF Í ÞORSKAFIRÐI (AB) (GUFUDALSÞING) HÁLFKIRKJA

27.9.1608: Jarda Registor fra sera Tejte j gufudal 1608 27 7bris.

Grof xxiiiic þad er half kirkiujord en eckiertt kugilldi hana a siera arne jonsson. AM 66a 8vo bl. 17b.

28.10.1847: Hálfkirkja lögð niður; (PP, 174) [konungsbréf].

Ekkert sér lengur til minja eftir bænhúsið. Það mun hafa staðið neðar í landi en bærinn og farman við hann. Ekki eru til neinar sagnir um það að bein hafi komið í ljós þegar landið var sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grafar, 2; Ö-Grafar aths., 20, 21; JÁM VI, 217; AM 66a 8vo bl. 17b.; PP, 174

BA-049 Hallsteinsnes

Í Landnámabók segir: "Hallsteinn son Þórólfs Mostrarskeggs nam Þorskafjarðarströnd hina nyðri til móts við Úlf; hann bjó á Hallsteinsnesi." ÍF I, 164. Þorsfirðingasaga: "Hallsteinn, son Þórólfs Mostra<r>skeggja, nam allan Þorskafjörð fyrir vestan ok bjó á Hallsteinsnesi." ÍF XIII, 175. Í Eyrbyggja sögu segir: "Hallsteini Þórólfsyni þótti lítilmannligt at þiggja land at föður sínum, ok fór hann vestr yfir Breiðafjörð ok nam þar land ok bjó á Hallsteinsnesi." ÍF IV, 11. [1238]: Máldagi Gufudalskirkju. "Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum." DI I, 522. [1498]: Guðmundur Andrésón gefr og geldr Þorbirni Jónssyni til æfinlegrar eignar jarðirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðarnesskirkjusókn. "...a hallsteinsnesi j gufudals kirkjusokn manudaginn næsta fyrir Matheus Messo um haustid..." DI VII, 409-10. [1506]: Stefán biskup í Skálholti úrskurðar skóg þann allan, er Teigskógr er kallaður, millum Grímkelsár og Kleifar, fullkomna og æfinlega eign kirkjunnar á Stað á Reykjanesi. "...þa agreining sem er i millvm kirkiunnar a stad a reykjanesi og þeirra sem bua á hallsteinsnesi vm skóg þann er teigskogur er kalladr." DI VIII, 117. 1686: 20 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191. 1695: 30 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191. 1699: Páll Sigurðsson selur Einari Tyrfingssyni hálfu jörðina Hallsteinsnes, jörðin metin

á 15 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 151.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 30 hndr., einkaeign. JÁM VI, 218.

1801: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 206.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 204-205.

1847: 30 hndr., bændaegn. "1805 er eyðihjáleigan Flókastaðir talin með." JJ, 177.

1870: Fjögur býli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1884: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956, 39-44.

1901: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1957-1958, 33-40.

1930: Hluti úr Hallsteinsneslandi seldur Jóni Guðmundssyni, síðar járnsmið á Reykhólum, undir nýbýli. Hann byggði efst og innst á eyrinni, sem Grímkelsstaðaá fellur um til sjávar, og nefndi nýbýlið Teigsskóg eftir skóginum, sem það er reist hjá. Býlið fór í eyði 1942, en nú hafa afkomendur Teigsskógarhjóna byggt þarna sumarbústað. Ö-Hallsteinsnes, 3/SSFS II, 17.

Hallsteinsnes hefur verið í eyði frá 1956. Breiðfirðingur 1985, 110/SSFS II, 20.

1920: Tún 5,2 ha, kálgarðar 209 m².

BA-049:001 *Hallsteinsnes* bæjarhóll bústaður 65°31.973N 22°19.649V



Bæjarhóllinn á Hallsteinsnesi, horft til aust-suðaustur.


Í Þorskfirðinga sögu segir: "Hallsteinn [...] bjó á Hallsteinsnesi." Í Árbók ferðafélagsins frá 1959 segir: "Bærinn Hallsteinsnes stendur suðvestan undir Hallsteinsnesmúlanum, allhátt frá sjó, mitt á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar. Er þetta landnámsjörð." Í örnefnaskrá segir: "Á Bæjarhólnum stóðu, svo sem venja er til, öll bæjarhúsin. Hóllinn ber það ótvírætt með

sér, að þar hafi þau staðið frá fyrstu tíð. Meðfram öllum bæjarhúsum að framan var hellulögð gangstétt, nefnd Stéttin eða Bæjarstéttin. Á bæjarhlaði stóð jarðsiginn steinn,

um 50 - 60 cm³, kúptur að ofan. Það var fiskasteinn með keng efst í miðju, sem hafði verið klappaður í steininn og fyllt með blýi; stór járnhringur var í kengnum, og því var þessi steinn einnig hestasteinn, jafnan nefndur Fiska- eða Hestasteinninn. Á Hjallsteinsnesi hafa, svo lengi sem vitað er, staðið tvær baðstofur með tilheyrandi bæjarhúsum, enda löngum verið þar tvíbýli, jafnvel þríbýli, og stundum auk þess búlaust húsfólk eða húshjón, sem mjög var algengt á árum áður." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Hallsteinsnesið fór í eyði árið 1956 og hefur ekki verið nytjað síðan, og mun þar nú fátt um gömul mannvirki uppistandandi. Nýlega voru þar byggðir tveir sumarbústaðir í eigu þeirra Þorbergs og Ólafs Ólafssona frá Hallsteinsnesi."

„Bærinn Hallsteinsnes stendur suðvestan, yzt, á nesinu, allhátt frá sjó, milli Þorskafjarðar og Djúpaþfjarðar," segir í örnefnaskrá. Jeppaslóði liggur í norðvesturhlíð Hallsteinsnesfjalls að bænum sem er notaður sem sumarhús. Bærinn var norðarlega í túni samkvæmt túnakorti frá 1920.

Bæjarhóllinn er undir lágu felli sem einkennist af litlum klettaborgum sem eru dreifðar um hlíðina og er bæjarhóllinn inn í afgirtu landi sem er nýtt sem skrudgarður umhverfis tvö sumarhús.



Uppdráttur af bæjarhólnum á Hallsteinsnesi

Hólfinn tvö opin til suðvesturs. Líklegast hefur timburgafl markað þessa hlið sem líklega var framhlið bæjarins. Fjórða hólfið, hólf D er norðaustan við hólf C. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki var hægt að greina neitt augljóst op á því.

Bæjarhóllinn er 40 x 40 m að stærð og um 2 m á hæð. Á honum standa, eins og áður segir, tvö sumarhús. Á honum er þó einnig hluti síðasta bæjarins sem er svo til nyrst á hólnum. Tóftin um 17 x 13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í fjögur hólf. Norðvestast er hólf A sem er 7 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Engin veggur er fyrir suðausturhlíð. Suðaustan við hólf A er hólf B sem er 5 x 5 m að innanmáli og er opið til suðvesturs líkt og A. Suðaustast er hólf C sem er 5 x 3 m að innanmáli. Hólf C snýr norðaustur-suðvestur og er, eins og hin

Norðausturhluti tóftarinnar er óljós, e.k. upphlaðin þúst og er ekki hægt að greina nein hólfi þar. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, um 1 m á hæð og um 1 m á breidd.

Suðaustan við tóftina er sumarhús og suðaustan við það er bílastæði. Samkvæmt Pálma Larsen, heimildamanni var baðstofan áður þar sem sumarhúsið stendur nú og þar sem bílastæðið er var eldhús. Þessum húsum var rutt til þegar byggja átti nýtt hús á staðnum og var grjóthleðslum eldri húsanna ýtt upp í hvilft efst og vestast á bæjarhólnum. Annað sumarhús var byggt suðvestan við tóftina og er aðeins um tveggja metra breitt sund á milli. Tré hefur verið gróðursett í hólfi B og þá eru nokkur tré þétt suðvestan við hólfi A.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Hjallsteinsness, 27; ÍF XIII, 175; ÁFÍ 1959, 47; SSFS II, 17

BA-049:002 *Bænhús* heimild um bænhús 65°31.973N 22°19.649V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, og heitir hjer enn bænhústóft við bæinn."

Í örnefnaskrá segir: "Sagt er, að á Hallsteinsnesi hafi verið Bænhús, en með öllu er nú óljóst, hvar það hefur staðið og örnefnið nú gleymt. [...] Með öllu er mér ókunnugt örnefnið Bænhústóft, þótt það hafi varðveitt í minni genginna kynslóða. En vestast (eða nyrzt) í bæjarhúsaröðinni má óljóst sjá marka fyrir fremur lítilli hústóft; máskje hefur þarna Bænhúsið staðið, en örnefni heyrði ég ekki tengt þessu; það hefði nú frekar mátt kallast Bænhúshóll en ekki Bænhústóft, vegna jarðvegsuppfyllingar frá gamalli tíð."

Tilvitnunin hér að ofan kemur frá Ólafi Ólafssyni sem var síðasti bóndinn á Hallsteinsnesi áður en það fór í eyði. Staðsetning á bænhúsi er því óþekkt. Í flestum tilfellum hafa bænhús þó staðið nálægt bæ og því má vel vera að Ólafur hafi rétt fyrir sér þegar hann getur þess að bænhúsið hafi verið vestast í bæjarhúsaröðinni. Hnitið hér að ofan er það sama og á bæjarhólnum vegna þessara sömu ásæðu.

HALLSTEINSNES VIÐ DJÚPAFJÖRÐ (AB) (GUFUDALSPING) BÆNHÚS

27.9.1608: Jarda Registor fra sera Tejte j gufudal 1608 27 7bris.

"Hallsteinsnes xxxc jord siera Arna jonssonar það er Bænhusjord en eckiertt kugildi."

AM 66a 8vo bl. 17b.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Hallsteinsness, 27, 29; JÁM VI, 218; AM 66a 8vo bl. 17b

BA-055 Fremri Gufudalur

- 1663: Gufudalur fremri nefndur í jarðaskiptabréfi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 126.
- 1695: Gufudalur fremri nefndur í kaupmálabréfi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 145.
- 1686: Rúm 33 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191.
- 1695: 40 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191.
- 1703: Tvíbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
- 1710: 40 hdr., einkaeign. JÁM VI, 223.
- 1801: Þrúbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 204-205.
- 1835: Tvíbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
- 1845: Fimm býli í byggð. Manntal Vesturamts, 203.
- 1847: 40 hdr., bændaeign. "1805 var eyðihjáleigan Hjaltastaðir höfð til beitar." JJ, 177.
- 1870: Gufudalur efri, einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
- 1884: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956, 39-44.
- 1901: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1957-1958, 33-40.
- Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Jörðin fór í eyði 1953, en 1957-1959 reisti Reynir Bergsveinsson, frá Neðri-Gufudal nýbýli í Fremri-Gufudal." SSFS II, 37
- 1920: Tún 2,7 ha, kálgarðar 208 m².

BA-055:001 *Fremri-Gufudalur* bæjarhóll bústaður 65°34.530N 22°24.471V

Í Árbók ferðafélagsins frá 1959 segir: "Milli hans [Álftadals] og Gufudals er Álftadalsmúli, nokkuð kjarri vaxinn í suðurhlíð. Austan hans, spölkorn framan við vatnið [í Gufudalsá], er eyðibýlið Fremri-

Gufudalur." Í örnefnaskrá segir: "Út af Hrískinn og fram og upp af gamla bæjarstæðinu, eru Efri-

Hannesarhjalli og Neðri-Hannesarhjalli." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr.

Guðmundssonar segir: "Í Fremri-Gufudal var oft margbýlt, og vegnaði mönnum þar

yfirleitt vel, því jörðin var og er afburða sauðjörð, sem ber mikinn fénað. Jörðin fór í eyði 1953, en 1957-1959 reisti Reynir Bergsveinsson, frá Neðri-Gufudal nýbýli í Fremri-Gufudal. Færði hann bæjarstæðið úr stað. Stendur nú býlið nær Neðri-Gufudal en áður. Í Fremri-Gufudal eru góðar byggingar og tún stórt, 26 hektarar." Gamli bæjarhóllin í Fremri Gufudal er 1,9 km norðaustan við núverandi íbúðarhús sem er byggt kringum 1960.



Bæjarhóllinn í Fremri-Gufudal, horft til norð-norðvestur.

Bæjarhóllinn er í grösugri brekku til suðausturs og samkvæmt túnakorti frá 1920 var hann nokkur veginn miðsvæðis innan túnsins.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og eru ytri mörk hans óljós en hann er þó nálægt því að vera um 35 x 45 m að stærð og snýr vestsuðvestur og

austnorðaustur. Upphleðsla hans er um 1,5-2 m. Enn má sjá grjóthleðslu við

suðsuðausturmörk hólans og mun framhlið bæjar hafa snúið í þá átt. Enn má sjá votta fyrir heimreiðinni sem hefur legið skáhalt upp brekkuna frá suðvestri og að bæjarhólnum. Þétt austan við bæjarhóllinn stendur gámur. Þegar grafið var fyrir honum var farið í gegnum skriðu og þegar komið var í gegnum hana komu í ljós greinileg ummerki öskuhaugs sem í meðal annars fundust leirkersbrot.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÁFÍ 1959, 50; SSFS II, 37

BA-055:002 *Bænhúsflöt* heimild um bænhús 65°35.123N 22°22.568V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og heitir hjer enn Bænhúsleiti í vellinum." Í örnefnaskrá segir einnig frá slíkum örnefnum: "Yzt í túni er Bænhúsflöt og Bænhúsleiti. Neðan til í Bænhúsleiti er klettur, sem ýmist hefur verið kallaður Bænhúsklettur eða Brennivínsklettur. Neðan við klettinn eru Gunnarsþúfur; þar sést fyrir tóft." Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Tóft var á Bænhúsflöt." Staðsetning

bænhússins er frekar óljós en Bænhúsflöt mun vera um 100 m vestan við bæjarhól 001 og Bænhúsleiti mun vera norðan við Bænhúsklett sem er 80m suðsuðvestan við bæjarhól. Nokkuð brött og grösug brekka sem hallar til suðausturs.



Bænhúsklettur, horft til vesturs.

Staðsetningin á bænhúsinu er óþekkt en þrjú örnefni geta hugsanlega gefið vísbindingu um hvar húsið stóð. Svæðið var á kafi í grasi þegar það var skoðað og því erfitt að átta sig á óljósum mannvistarleifum en ekki fundust nein skýr ummerki um tóftir á þessu svæði. Bænhúsklettur er greinilegt kennileyti, nokkuð stór og stakur klettur og ofan á honum er stór steinn mjög miðsvæðis á kolli klettsins. Bænhúsið hefur líklega

snúið dyrum inn í dal og staðið í nokkrum halla, engin þjóðleið liggur um dalinn.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fremri-Gufudals, 7; Ö-Fremri-Gufudals aths., 3; JÁM VI, 223

BA-056 Neðri Gufudalur

Í Landnámabók segir: "Gufa hinn gamli nam Gufufjörð ok Skálanes allt til Kollafjarðar, sem fyrr er sagt, ok bjó í Gufudal." ÍF I, 168. Í Egilssögu segir frá því er: "Ketill gufa fór síðan vestr í Breiðafjörð ok staðfestisk í Þorskafirði; við hann er kenndr Gufudalr ok Gufufjörðr; [...]. ÍF II, 241.

Í sögu Laurentiusar biskups: "Skoðaði síra Laurentius mjök at embættisgjörð þeira presta sem lítt vóru lærðir ok kunnandi sem margir prófuðuz lítt lærðir, í milli hverra var einn prestr, er Eilífr hét í Gufudal í Vestfirðingafjórðungi." ÍF XVII, 273. Í Sturlungu segir: "Litlu síðar [um 1160] fóru þeir Sturla og Einar við tólfta mann vestur í Gufudal til heimboðs." Sturl.saga. I, 64. Þar segir einnig "Vestur í Gufudal bjó í þenna tíma [um 1229] Jón prestur krókur son Þorleifs skeifu og Þuríðar Sturludóttur." Sturl.saga I, 325. [1238]: Máldagi Gufudalskirkju. "Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup

wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum." DI I, 522.

[1383]: Testamentisbréf Einars Eiríkssonar í Vatnsfirði í transskripti tveggja presta og tveggja leikmanna. DI III, 366. [1397]: Vilchinsbók. "Kirkia j Gufudal er helgud Gudi oc worri frv. Og hinum helga krossi. Hun á allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognum og giædum. Skog æ Melanesi med Hofstodum og allann skog fra Geithusgile og vpp ad Miallgile. Manadarbeit i Brekkuland." DI IV, 153. [1464]: Bjarni Þórarinsson handlegr sérá Þorsteini bróður sínum kvitt og ákærulaust það tilkall, er hann mætti eiga til jarðarinnar Arnarstapa undir Jökli, og kvitta þeir síðan hvor annan um öll peningaskipti, sem þeirra höfðu á milli farið. "for þesse giorningur fram J Gwfudal enum sydra laugardaginn næstan epter krossmesso vm haustid 1464." DI VI, 55-56. [1479]: "Afhending peninga staðarins í Gufudal, er séra Loptr Filippusson afgreiddi séra Þorsteini Þórarinssyni." DI VI, 203. [1491-1518]: Máldagi Gufudalskirkju. "Kyrkia j gufudal a allt heimaland oc hofstade med ollum gognum oc giædum. Skog a melanese med hofstodum og allann skog fra geithusgile og upp ad miallgile." DI VIII, 77.

1686: 24 hdr., beneficium. The Old Icelandic Land Registers, 191.

1695: 12 hdr., beneficium. The Old Icelandic Land Registers, 191.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: Jarðardýrleiki óviss, „Kirkjustaður og beneficium“. JÁM VI, 224.

1801: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 204.

1835: Prestssetur, einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 203.

1847: 12 hdr., kirkjustaður. JJ, 177.

1870: Neðri-Gufudalur, einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1884: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956, 39-44.

1901: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1957-1958, 33-40.

1920: Tún 5,1 ha, kálgarðar 513 m².

BA-056:001 Neðri-Gufudalur bæjarhóll bústaður 65°34.110N 22°25.146V



Neðri-Gufudalur, horft til norðvesturs.

Í Íslenskum sögustöðum II segir:
"Gufudalur er nú nafn á tveimur bæjum sem eru á dalbotninum litla inn af firðinum, og annar þeirra, Neðri-Gufudalur, er prestsetur. Stendur hann ásamt kirkju [002] vestan við litla á sem rennur eftir dalnum." Í örnefnaskrá segir:
"Bærinn stendur á sléttlendi vestan Gufudalsár, en hennar hefur fyrr verið getið, þar sem hún rennur um Gufudal."

Í Árbók ferðafélagsins frá 1959 segir: "Í Gufudal var prestsetur fram yfir síðustu aldamót. Lengst af munu staðarhúsin og kirkjan hafa staðið á sléttlendinu, þar sem bær og kirkja standa nú. Snemma á 19. öld hljóp Álftadalsá á staðinn og olli spjöllum.

Sóknarpresturinn, Þorsteinn Þórðarson, flutti því staðarhúsin 1839 upp á hjalla við hálsinn og ræktaði þar tún [035]. [...] Síðasti prestur í Gufudal, séra Guðmundur Guðmundsson, sem lengi var við þann stað kenndur, byggði staðarhúsin aftur niðri á sléttunni um 1890." Í ævisögu Hallbjörns E. Oddssonar (f. 29. júní 1867) í Ársriti sögufélags Ísfirðinga frá 1956 segir: "Túnið þarna [hjá kirkjunni þar sem gamli bærinn stóð fyrst] hafði verið stórt og að mestu mjög vel slétt. En nú var það komið í mestu órækt og traðirnar fjærst bænum voru lítt sláandi vegna sneggju. Tóttir voru víða, hálf og aðfallnar, svo vottaði fyrir þeim sumstaðar. Lækur með afar háum bökkum rann í gegnum túnið og átti víst upptök sín í Álftadalsá og rann þaðan ósýnilegur, undir efsta jarðlaginu, ofan að fjóstóftinni, en kom þar til fullrar sjónar, og hafði fyrr á tíð, að sögn, verið fullur af bleikjubröndum, vel ætum. Hann lá svo fram hjá bæjartóttunum og fór dýpkandi eftir því sem fjær dró bænum. Annar lækur rann niður með hlíðinni, undan Stóramelnum, og sameinuðust lækirnir rétt hjá gömlu bæjartóttunum, og mynduðu þennan djúpa læk, er kallaður var Kirkjulækur." Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1956, 141-142. Í Barðstrendingabók segir: "Frá fornu fari mun bærinn og kirkjan hafa staðið á valllendisgrundum nálægt ánni. Skömmu fyrir 1840 hljóp Álftadalsá á túnið, í stórrigningu, með aurkasti og ósköpum. Prestur óttaðist þá hættu af ánni framvegis. - Tók hann því það

ráð að færa bæinn og peningshúsin upp undir hlíðina, þangað sem áin gat ekki náð til, þótt túnstæði væri þar bæði illt og lítið. Kirkjan var þó ekki færð, né kirkjugarðurinn, ef til vill vegna þess, að varla er völ á hentugu kirkjugarðsstæði annarsstaðar, þótt illt sé þar vegna votlendis. - Um 1890 færði séra Guðmundur Guðmundsson bæinn aftur niður á kirkjutúnið, eins og það var þá nefnt. Hefir Álftadalsá aldrei valdið tjóni síðan." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Í Gufudal er steinsteyppt íbúðarhús byggð 1953. Útihús eru þar flest nýlega byggð. Tún er þar 24-25 hektarar."

Neðri-Gufudalur er kirkjustaður og stendur bærinn og kirkjan um 500m norðan þjóðvegar nr. 60. Bæjarhóllinn er 50 m austan við núverandi kirkju en 20-25 m norðan við kirkjugarð 002.

Bæjarhóllinn er í sléttu landi og hefur nokkrum trjám verið plantað vestan við hann, milli núverandi kirkju og bæjarhóls. Að öðru leyti er slétt og grösugt tún norðan við hann. Bæjarhóllinn er um 50 x 40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ytrimörk hans eru frekar óljós en upphleðsla hans virðist a.m.k. um 50 cm. Núverandi íbúðarhús sem reist er um 1954 stendur á bæjarhólnum og er það ein hæð og ris en enginn kjallari. Á 19. öld flæddi Gufudals á yfir bakka sína og fór yfir bæjarhólinn og kirkjugarðinn og var þá bærinn færður ofar í landið en síðan var bærinn aftur byggður á sínum gamla stað. Ekki sést til eldri minja á bæjarhólnum. Var nýja húsið reist á gamla bæjarstæðinu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÍSKK II, 146; SSV I, 87; Ö-Neðri-Gufudals, 1; ÁFÍ 1959, 51-52; Barðstrendingabók, 41; SSFS II, 43;

BA-056:002 *Gufudalskirkja* kirkjugarður kirkja 65°34.095N 22°25.135V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var Gufudalskirkja um 60 m norðvestan við bæ 001. Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Á árunum 1906 til 1908 var byggð kirkja í Gufudal. Sú kirkja stendur enn og er notuð til tíðagjörðar af prestum er þeir embætta þar. Gufudalssókn er nú þjónað af prestum, sem sitja á Reykhólum, síðan 1948 er prestsetrið var flutt frá Stað." Í ævisögu Hallbjörns E. Oddssonar (f. 29. júní 1867) í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga frá 1956 segir: "Frá Hvítakletti út að túninu á gamla prestsetrinu er stuttur spölur og þar stóð kirkjan í kirkjugarðinum alein sem minnisvarði um forna frægð staðarins. Hún var öll úr timbri með háreistu, tjörguðu þaki og því ein af

ásjálægri kirkjum á þeim tíma. Faðir minn lét byggja fordyri fram af henni og færa klukkurnar í það, upp yfir innganginn." Forveri þeirrar kirkju sem nú (2008) stendur í Neðri-Gufudal, stóð inn í miðjum kirkjugarði. Hún stóð um 30 m sunnan við bæjarhól 001 og um 60 m austsuðaustan við núverandi kirkju. Grafir hafa ekki verið teknar í gamla kirkjustæðinu sem er um 25 m vestan við timburhlið sem er á vesturhlið kirkjugarðsins og 5-10 m sunnan við norðurhlið kirkjugarðsins.

Innan kirkjugarðs sem er enn í notkun.

GUFUDALUR (AB) -Guði, Maríu, heilögum krossi

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 12

1229: Bjó þá Jón prestur krókur son Þorleifs skeifu og Þuríðar Sturludóttur;

Íslendingasaga, Sturl, 325

[1238]: "Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. fra Jllugastaudum. vr skalmar firdi. fra quindis firdi. kirkiu boli. Bæ. klett. mula. kalfa dal. eyri. galltargia. klaufa staudum. skala nesi vr gufudal fremra. af brecku. grou nesi midhus[um]. Diupa dal. Barme. Hallsteinsnesi. af hiollumm Item a kirkiann j gufudal suo morg jtauk sem hier seigir. Akurgerdi wnder skalanes hraune. Skog allan aa melanesi; j mille gatna: Beit j Allta dalz mula: og lambhaga vr vatne nedra. og skog med watne enu nedra. og hris aull j mille miallgils: og geithus lækiar: vetur beit nautum j Brecku land: suo og vorbeit ofan j Brecku land: Raptuidar haugg j Diupadals skog. Suo og aa kirkiann j gufudal mallz miolk af huerium Bæ. j þessu adur greindu takmarki: vm Peturs messu tijma: og skiædi af Bæ j þessu aullu takmarki alnar laung Suo og aa kirkiann alla þa tyvnd sem minne er enn eyris tyund; Máld DI I 519, 522 Máld er ritaður á auðri blaðsíðu aftan í gömlum grallara á skinni, sem Gufudalskirkja átti. Aftan við hann stendur: það medkennumz eg Jon prestur þorleifsson ad eg hefi latid skrifa þenna maldaga sem hier fyrir ofan skrifadur stendur eptter gamallri sallttara Bok j gufudal: huer adur greindur maldagi hefur skrifadur verid j tyd Biskup Brandz enn nu aa ny skrifadur þann 3. dag apriles manadar og anno 1578. Til eru 3 pappírsaferskriftir af afskrift Jóns, tvær eftir AM en ein frá 17. öld

5.4.1383: Einar Eiríksson gefur kirkjunni í sitt testamenti 1 hundrað; DI III 366

[1394]: VIII. Kirkia j Gufudal er helgud gude. hun ä allt heimaland. Þad er allt effter Vilkinsmældaga; Hítardalsbók DI III 774

1397: a allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognumm og giædumm [+skóga, beit og akurgerði] Þangad liggja tiunder af xx bæiumm. malsmiolk vndan ollu fie vm

Pietursmessu skeid. skiæde af hveriumm bonda. Þar skulu vera prestar ij; Máld DI IV 153 [1446]: J Gufudals kyrkiu sockn: Skalanes ... klaufastader ... Galltargia ... Eyre; DI IV 691

21.9.1470: Máld DI V 582-583

1473: Máld DI V 701-702 1479: Anno domini M. cccc°. lxx°. nono. Jtem afente sera lptur filipusson alla suo wordna peninga sera þorsteine þorarinssyne sem hier fyrri standa skrifadir [þ.e. 1470 og 1473] ok j þessa somu peninga luktte sera loptur sancte johannis likneske baptiste tuær koparstikr ok tuær alltarisbryn fyrir ij. hundrud ok tuær kluckur fyrir fiogur hundrut. skyllde þessir peningar kluckur bryn oc stickr vera æuenlig eign kirkiunnar j gufudal. Sira þorsteinn hefir lied sira olafe aa stadarhole kalek ok de tempore bok fra aduentu ok til paska pistlar ok gudspioll. sira jone aa stad psalltara. jolabok ok eina huern. DI VI 203 [AM 266 4to, bl. 1a - messubók á skinni frá Gufudal] [1491-1518 eða síðar]: Annar maldage gufudalz kirkiu.

Kyrkia j gufudal a allt heimaland oc hofstade med ollum gognum oc giædum. skog a melanese med hof[sto]dum oc allann skog fra geithusgile og upp ad miallgile. manadar Beit j Breckulande. wtbeit nautum yfer um a. skog hia Vatne hinu nedra og lambhaga. Beyt j alptadalz mula. akurgerde under hraune a skalanese. Jtem a kyrkian j gufudal mäls miolk af hvorium Bæ j sinne þingä nema grauf um petursmessu tijma. og skiæde af [hvorium?]Bæ alnarlaung. so og a kyrkian allar þær tijunder sem minne eru enn eyris tijund ur þingänne. Jtem a kyrkian xxj malnytu kugillde. ix kyr oc xij asaudar kugillde. Jtem iijc j kauplum. eitt naut veturgamallt og iiij saude tvævetra. Jtem innann gatta xij trog oc xij kerolld. ij storkerolld. einn stock. v fiordunga ketil. Jtem j kyrkiunne þrenn messuklæde alfær. og ij hoklar lauser. sloppu oc kapa. ij kaleykar. Jtem xx Bækur. ein brijk yfer haaltare. og aunnur framan firir. Jtem iij kluckur. Jtem glodarker oc vatzkall oc munnlaug. iij koparpjpur. Jtem einn jarnnkall oc ein kista. Jtem a kirkian þessar jarder. Brecku. Midhus og kyindisfiaurd. Máld DI VII 77-78 [AM Apogr. 2052c, blað skr. c. 1620 sem AM fékk 1710 hjá Helgu Eggertsdóttur á Múla í Kollafirði. Fyrr á sama blaði er afskr af [1238]]

1495: ... eiga ad koma vr vatzfirdi iij vetter hakallz til gufudals. ... DI VII, 284-85 [AM

Fasc LXIV, 25 - minnisblöð Stefáns bps á skinni - greinilega skrifað eftir yfirreið bps um Vestf.fjórðung sumarið 1495]


17.9.1498: Jörðin Hallsteinsnes er í Gufudalskirkjusókn., DI VII, 403 sbr. 410

[1523]: Máld DI IX 196-197

[1553-54]: Máld DI XII 667-668

1575: Máld DI XV 587-588

27.9.1608: Jarda Registor fra sera Tejte j gufudal 1608 27 7bris. Kirkiubol er bænhusjord en eckierrt kugilldi Jon þorleiyfsson þar xxiiijc. Kuijendisfiordur xijc Kirkiujord fra gufudal gialldast af aunguar tijunder. Bær xvjc jord sera Teitz klettur xvjc jord sigmundar Mule xxxc þar er halfkirkia og ä ij kugilldi hana a steindor Ormsson. Eyre xvjc hana a sera Biarne Halldorsson halfa en Biarne sveijnsson halfa. Galltargia xijc hana a sera Teitur Klaufastadir viijc það er jord orms jonssonar. Skalanes 24c kongsjord. fremre gufudalur xlc jord orms jonssonar. recca xvjc jord gufudalskirkiu. Grounes xijc jord sera guendar jonssonar. Midhus xijc jord gufudalskirkiu Diupidalur xijc a steindor ormsson.



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli bæjarhóls 001 og kirkjugarðs 002, einnig hvar núverandi kirkja stendur.

Barmur xijc kirkiujord fra stad.

Hallsteinsnes xxxc jord siera Arna jonssonar það er Bænhusjord en eckierrt kugildi. Grof xxiiijc það er half kirkiujord en eckierrt kugilldi hana a siera arne jonsson. Hiallar xijc a finnur jonsson. En epttir þessar gellst ejge tijund Barmur xijc Midhus xijc Kuiendisfiord xijc. Breckur xvjc. AM 66a 8vo bl. 17b.

1700: Á þessu ári og fyrirfarandi árum eyddust og í eyði lögðust þessir kirkjustaðir í Skálholtsstípti: Gufudalur á Vestfjörðum af skriðu (en nú aftur byggður). Kirkjurnar standa enn nú og í þeim heilög

þjónustugjörð fram flutt. Setbergsannáll IA IV, 162.

16.11.1907: Gufudalsprestakall lagt niður

og sóknin lögð til Staðarprestakalls; (PP, 172) [lög]

Kirkjugarðurinn er um 45 x 30 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hann er ekki alveg ferhyrndur heldur er austurhlið hans aðeins lengri en vesturhlið hans. Búið er að slétta garðinn og engin upphlaðin leiði, í honum ekki eru heldur engin tré. Hlaðinn garður, úr torfi og grjóti, er eftir allri norðurhlið kirkjugarðsins og um norðausturhornið. Um helmingur af vesturhliðinni er einnig hlaðinn úr torfi og grjóti og er timburhlið þar á vesturhliðinni. Er garðurinn er opinn eða ógirtur til suðurs og austurs. Garðurinn var stækkaður um 10-11 m til vesturs 1939 en við framkvæmdir utan kirkjugarðsins hefur verið komið niður á mannabein í 18-20 m fjarlægð frá austur- og suðurhlið garðs (eins og mörkin eru nú) og virðist hann því áður hafa verið stærri. Grunnt var niður á þessi bein samkvæmt Kristni Bergsveinssyni, og voru þau vart á meira en 1 m dýpt.

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1920;DI XII 12;Sturl, 325;DI I 519, 522;DI III 366;DI III 774;DI IV 153;DI IV 691;DI V, 582-583;DI V, 701-702;DI VI, 203;DI VII 77-78;DI VII, 284-85;DI VII, 403 sbr. 410;DI IX 196-197;DI XII, 667-668;DI XV, 587-588; IA IV, 162;PP, 172;

BA-063 Múli

[1238]: Máldagi Gufudalskirkju. "Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum." DI I, 522.

1673: Múli talinn Margréti Eggertsdóttur, jörðin metin með Fjarðarhorni á 40 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 129. 1686: 30 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191.

1695: 20 hndr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 191.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 20 hndr., einkaeign. JÁM VI, 229.

1801: Þrúbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 202-203.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 201-202.

1847: 20 hdr., bændaeign. "1805 er eyðihjáleigan Bakki talinn með." JJ, 178.

1870: Tvíbýli (bærinn og tómthús) í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1884: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956, 39-44.

1901: Einbýli í byggð. Árbók Barðastrandarsýslu 1957-1958, 33-40.

1920: Tún 4,9 ha, kálgarðar, 120 m².

BA-063:001 *Múli (við Kollafjörð)* bæjarhóll bústaður 65°36.862N 22°30.413V

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða frá 1840 segir: "Sunnan til undir enda fjalls þessa [Múlatöflu] stendur bær sá, er Múli nefnist. Er jörð sú talin 20 c. að dýrleika, en í Barðastrandarsýsluprófastsdæmis máldögum sést, að hún hefir í gamla daga talin verið 60 c. og nokkru þar eftir 30 c. Þar hefir áður hálfkirkja eður bænhús verið, og sjást þar merki til bæði kirkju og kirkjugarðs og jafnvel þriggja leiða. Hefir jörðin líklega verið niðursett þá kirkjunnar eignir hafa frá henni tekizt. En óljóst er nær hún hefir aftekizt." Í Árbók ferðafélagsins frá 1959 segir: "Múli í Kollafirði stendur allhátt frá sjó og blasir við sól og suðri. [...] Á jörðin land beggja megin við múlans, þar með engjar í Kálfadal, [...]. Áður fyrr var að Múla hálfkirkja eða bænhús, og hafa Kollfirðingar þá átt þangað kirkjusókn



Bæjarhóllinn í Múla, horft til norðurs.

og legstað, en nú sækja þeir kirkju að Gufudal." Í örnefnaskrá segir: "Múli stendur austan við Kollafjörð, undir fjalli, sem einu nafni heitir Múlafjall. Hæst á því er Múlatafla. Suðaustur og austur af fjallinu er stór dalur sem heitir Kálfadalur, en oft nefndur Múladalur." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr.

Guðmundssonar segir: "Þann 26. júlí 1980 brann bærinn í Múla. Hann var

fremur nýleg bygging. Aftur var byggt nýtt íbúðarhús, og nú fyrir skömmu voru byggð

upp þar öll útihús með nýtísku sniði. Tún er þar um 23 hektarar." Múli stendur austan þjóðveggar nr. 60 og stendur núverandi íbúðarhús á bakka ofan við þjóðveginn. Gamli bæjarhóllinn er um 130 m norðan við núverandi íbúðarhús (byggt eftir 1980).


Umhverfis bæjarhóllinn eru slétt tún. Á sjálfum bæjarhólnum eru gömul útihús.

Bæjarhóllinn er 45 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Framhlið bæjar hefur sennilega snúið til suðurs og er þaðan gott útsýni til sjávar. Mörk hólans eru nokkuð greinileg og má ætla að upphleðsla hans sé um 2 m. Á bæjarhólnum standa gömul útihús, fjós og hlaða, eru húsin steipt og klædd bárujárnri. Þau voru fljótlega byggð þar eftir að bærinn var fluttur um 1930 og voru þau með fyrstu steiptu útihúsunum í Gufudalshreppi. Ekkert sér til eldri minja á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SSV I, 84; ÁFÍ 1959, 54; Ö-Múla, 2; SSFS II, 72

BA-063:002 *Bænhúshóll* tóft+garðlag bænhús 65°36.847N 22°30.401V



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna á milli bæjarhóls 001 og bænhústóftar 002.

örnefnaskrá segir: "Suður af bæ er Bænhúshóll. Þar sést fyrir þremur leiðum, sem hafa verið friðlýst og má ekki slétta." Bænhústóft og gerði umhverfis eru um 30 m suðsuðaustan við bæjarhól 001 og um 100m norðan við núverandi íbúðarhús. Bænhúsið er í jaðri túns á milli útihúsa.

Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: "Hálfkirkja er hjer og embættað þá heimamenn sacramentast." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða frá 1840 segir: "Sunnan til undir enda fjalls þessa [Múlatöflu] stendur bær sá, er Múli nefnist [001]. Er jörð sú talin 20 c. að dýrleika, en í Barðastrandarsýsluprófastsdæmis máldögum sést, að hún hefir í gamla daga talin verið 60 c. og nokkru þar eftir 30 c. Þar hefir áður hálfkirkja eður bænhús verið, og sjást þar merki til bæði kirkju og kirkjugarðs og jafnvel þriggja leiða. Hefir jörðin líklega verið niðursett þá kirkjunnar eignir hafa frá henni tekizt. En óljóst er nær hún hefir aftekizt. Í

MÚLI Í KOLLAFIRÐI (AB) (GUFUDALSPING) - HÁLFKIRKJA

1575: "Hälffkirkian ä Mula I Kollafirde" Máld DI XV 587.

27.9.1608: "Jarda Registor fra sera Tejte j gufudal 1608 27 7bris. Mule xxxc þar er halfkirkia og ä ij kugilldi hana a steindor Ormsson. AM 66a 8vo bl. 17b. Hést fram yfir 1710; (PP, 174).

Bænhústóftin er 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er miðsvæðis innan gerðis sem er 18 x 20 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Tóftin er einföld um 2 x 4 m að



Bænhústóftin á Múla, horft til suð-suðausturs.

innanmáli og má greina dyr á henni nyrst á vesturgafli. Veggheðslur eru um 2 m á breidd og um 60 cm á hæð. Tóftin er á hæð sem er um 10 x 8 m stór og er upphleðsla hennar skýrust austast eða 30-40 cm. Gerðið sem er umhverfis bænhústóftina er svo til ferhyrnt og má greina op á því vestast á suðurvegg.

Veggheðslur gerðisins eru 1-1,5 m á breidd og 40-50 cm á hæð. Allt tóftasvæðið er á kafi í grasi og svæðið

orðið nokkuð þýft, ekki sáust því nein greinileg ummerki leiða sem mundu kannski sjást vel væri svæðið nýslegið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Múla, 10-11; SSV I, 84; JÁM VI, 229; DI XV, 587; AM 66a 8vo bl. 17b.; PP, 174

BA-068 Kirkjuból (á Bæjarnesi)

1238: Kirkjuból nefnt í máldaga Gufudalskirkju. DI I, 522.

1430: Jörð nefnd í gjafabréfi Lopts Guttormssonar. DI IV, 405.

1603: Kirkjuból sjörð seld, metin á 24 hdr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 111.

1625: Landamerkjadeilur milli Séra Teits Halldórssonar og Jóns Þorleifssonar um

landamerki milli Kirkjuból og Bæjar á Bæjarnesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 118-119. 1686/1695: 24 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Registers, 192.

1703: Kirkjuból á Bæjarnesi í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 24 hdr., bændaeign. JÁM VI, 253. 1710: "Bænhús eður hálfkirkja er hjer, og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis." JÁM VI. 253.

1801: Í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 201.

1835: Heimajörð í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1847: 24 hdr., bændaeign. JJ, 178.

Jörðin fór í eyði 1963. SSFS II, 97.

1710: "Fóðrast kann á allri jörðunni vi kúa þungi. Útigangur fyrir sauðfje í meðallagi, en fyrir hesta mjög lítil ... Skógur til raftviðar er mjög þrotinn, en til kola og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga bjargleg ... Eggver af æðifugli mjög lítið ... Selveiði mjög lítil ... Skelfiskfjara lítil. Túninu hafa skirður spilt áður fyrir nokkrum árum ... Sjáfangangur brýtur nokkuð af túnuni að neðan verðu. Engjunum granda skriður stórlega úr fjallinu. Úthagarnir eru enn nærig, þó þeir spillist víða af skriðum. Hætt er sauðfje fyrir sjáfarflæðum. Vatnsból bregðst á vetur." JÁM VI, 253.

1920: Tún 2,5 ha, garðar 285m², 551 m² utan túns?

BA-068:001 Kirkjuból (á Bæjarnesi) bæjarhóll bústaður 65°33.008N 22°35.482V



Bæjarhóllinn á Kirkjubóli, horft til suð-austurs.

Bærinn er merktur á túnakort frá 1920. Í Árbók fornleifafélagsins segir:

"Bæjarnes heitir nesið milli Kollafjarðar í Barðastrandarsýslu að austan og Kvígindisfjarðar að vestan, og er það kennt við jörðina Bæ [BA-067:001] í Múlahreppi. Er sá bær utarlega á nesinu Kollafjarðarmegin. Jörðin Kirkjuból,

sem enn er byggð með því nafni, er hinu megin á nesinu, við Kvígindisfjörð, og er bærinn utarlega með firðinum. Þaðan er

langt til annarra bæja, ef á landi er farið, um 5 km. að Bæ, sem er næsti bær að austan, en

um 10 km. að næsta bæ á hinn veginn, Kvígindisfirði [BA-069:001] Kirkjuból er í Múlahreppi, en Gufudalskirkjusókn." Jeppaslóði liggur frá Kvígindisfirði BA-069 að Kirkjubóli og stendur hús reist 1944 á bæjarhólnum. Um 30m vestan við bæjarhólinn er norðurendi flugbrautar sem hefur stefnuna norðnorðvestur-suðsuðaustur. Bæjarhóllinn stendur undir þverhníptu hamrabelti í sléttu túni sem hallar lítið eitt til vesturs.

Bæjarhóllinn er frekar greinilegur og um 40 x 40 m að stærð. Ætla má að upphleðsla hólsins sé um 1 m. Steypt íbúðarhús sem er ein hæð án kjallara stendur á bæjarhólnum og snýr það framhlið til vesturs. Húsið er nú notað sem sumarhús. Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og sést ekkert til eldri minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÁFÍ 1937-1939, 28-29,

BA-068:002 heimild um bænhus 65°30.827N 22°44.869V

"Bænhus eður hálfkirkja er hjer, og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710. Í örnefnalýsingu segir: "Þar er komið bænhus fyrir 1491 og var það enn 1710." Samkvæmt leiðbeiningum frá Finnboaga Jónssyni sem ræddi við fyrrum ábúendur á Kirkjubóli var bænhusið 40 m sunnan við bæ 001 og um 30 m austan við flugbraut sem liggur í túninu vestan bæjar meðfram fjörunni. Hefur bænhusið staðið á flöt nokkuð neðar í landinu en bæjarhóllinn en hann er á frekar lágum bakka. Það hefur verið um 40 m norðan við útihús sem hefur verið hlaðið úr steyptum múrsteinum. Kirkjuból er með ystu bæjum á Bæjarnesi og því hefur ekki legið þjóðleið þar um nema þá kannski á sjó.

Í sléttuðu túni.

KIRKJUBÓL Í KVÍGINDISFIRÐI (AB) (GUFUDALSÞING) - BÆNHÚS

[1491-1518]: Bænhusid a kirkiuboli j kviggindissfirdi er prevelegerat suo þar ma vijgia saman hion. skjira born oc leida konur j kirkiv. "Þar skal gefa prest vj avra j kavp vpp ä xij messur vm xij mänvdi. DI VII, 78 [AM 263 fol, bl. 80; Þjsks Bps 2 4to].

[1491-1518]: Bænhusid a kirkivboli j Gufvdals þjngvm er miog j fiarska vid soknar kirkiuna oc þess annars. saker storra ovega oc margfalldz haska. sem þar hyndrar kirkivsoknar menn. þui hofu vær gefid gott ordlof til ad þar skal hion saman vijgia, born

skira oc konur j kirkiv leida med þui moti oc skilmala. ad sa sem jordina ä. leggie þar til
iiij innistædvkugilldi til Bænhusins oc sie svngnar xv messur arliga. enn presti lukizt
mork j kaupid. suo og sie prestur soktur med hesti oc manni oc heim aptur fpærdur jafnan
þa er þess embættis þarf med. Máld DI VII, 78 [AM 263 fol, bl. 80]

{ 1598: Bænhús; AM 263 fol. bl. 80 }

27.9.1608: Jarda Registor fra sera Tejte j gufudal 1608 27 7bris. Kirkiubol er bænhusjord
[...]. AM 66a 8vo bl. 17b.

1710: Kirkja og messað er heimafólk fer til altaris; JÁM VI, 253.

Sléttað hefur verið úr tóftunum en þegar nýbúið er að slá svæðið neðan og sunnan við
bæjarhólinn segja kunnugirá að sjá meigi óljós ummerki eftir hvar bænhúsið stóð.

Staðurinn var hins vegar skráður í háu grasi í júlímánuði og þá sáust engin ummerki um
bænhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM VI, 253; Ö-Kirkjuból, 1; DI VII, 78; DI VII, 78; AM 263 fol. bl. 80;
AM 66a 8vo bl. 17b

BA-070 Svínanes

Um 1229: „Þorvaldssynir höfðu farið um vorið suður til Snorra með tuttugasta mann,
fóru fyrst á Svínanes og þaðan á skipum á Eyri til Þórðar.“ Sturlunga I, 320.

1363: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi. DI III, 195.

1397: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju í Vilchinsmáldaga. DI IV, 152. Um 1460:

Máldagi, jörðin Svínanes borgar tíund til Múlakirkju. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 95.

Um 1470: Máldagi, jörðin Svínanes borgar tíund til Múlakirkju. DI IV, 593. Trúlega það
sama og í Jarðabréfunum.

1603: Svínanesjörð seld, metin á 30 hdr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 111.

1886: 40 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 192.

1895: 30 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 192.

1703: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710, 30 hdr., bændaeign. JÁM VI, 263.

1710: "Bænhús eður hálfkirkja er hjer, og tíðir viettar þá heimamenn eru til sacramentis."
JÁM VI, 253.

1801: Í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 217-218.

1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands. 1847, 30 hdr., bændaeign. JJ, 178.

Fór í eyði 1959. SSFS II, 103.

1710: "Fóðrast kann vii kúa þúngi. Útigangur í lakaralagi. Skógur til raftviðar er að mestu eydur, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga lök. Eggver af æðifugli og teistikofu, mjög lítið .. Selveiði í betra lagi ... Túnið er grýtt og harðlent. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni ... Úthagarnir eru bjarlegir, þó þeir spillist sumstaðar af skriðum. Hætt er sauðfje stórlega fyrir sjáfarflæðum á vorin. Vatnsbólið, sem nálægt bænum er, þrýtur sumar og vetur." JÁM VI, 254.

1920: Tún 2,7 ha, garðar 165m², nátthagi 0,4 ha.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarðar I segir: „Lendingar eru hvervetna góðar og brimalausar í sókninni, en vegna ógurlegs útfjars verður að sæta sjóarföllum. Að Firði teljast einna bezt sjóarföll, líka má þar og að Svínanesi fá hafnir fyrir þiljuskip.“ SSV I, 98.

BA-070:001 Svínanes bæjarhóll bústaður

65°31.404N 22°37.993V



Bæjarhóllinn á Svínanesi, horft til austurs.

Bærinn er merktur á túnakort frá 1920. Í örnefnaskrá segir: "Bæjarmegin við Fjóstungu [038] tekur við Bæjarhóll." Í örnefnaskrá Aðalsteins Helgasonar segir: "Bærinn stendur syðst á nesinu, suðvestan undir fjallinu og er umkringdur af klettum, sérstaklega að vestanverðu." Í athugasemdum Einars Guðmundssonar við örnefnaskrár segir: "Svínanes fór í eyði haustið 1959." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr.

Guðmundssonar segir: "Svínanes er syðsti bærinn í Múlasókn. [...] Svínanesið fór í eyði

árið 1959. Þá hafði verið byggt þar íbúðarhús úr steini og fleira gert jörðinni til góða. Þangað kom aldrei bílvegur og voru því mestallar samgöngur á sjó." Bærinn Svínanes er syðst undir Svínanesfjalli sem rís milli Kvígindisfjarðar og Skálmarfjarðar, ekki liggur neinn vegur að bænum.

Bæjarhóllinn er nyrst og efst í túni sem afmarkast til norðurs af lágum klettaborgum og hallar landi til suðurs.

Bæjarhóllinn er 50 x 30 m að stór og snýr austur-vestur. Framhlið hans snýr til suðsuðausturs, að sjó. Bæjarhóllinn er frekar áberandi og er upphleðsla mest 4,5-5 m að sunnanverðu. Á bæjarhólnum stendur nú steinhús án kjallar sem er tvær hæðir

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Svínanes EG, 8; Ö-Svínanes AG, 1; Ö-Svínanes aths.EG, 6; SSFS II, 102-103

BA-070:002 *Bænhúsvöllur* heimild um bænhús 65°31.378N 22°37.955V

"Bænhús eður hálfkirkja er hjer, og tíðir viettar þá heimamenn eru til sacramentis," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710. Í örnefnaskrá segir: "Flötin niður af honum [Bæjarhól 001] heitir Bænhúsvöllur." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða I segir: "Bænahús hafa síðan eftir siðaskiptin engin verið í Múlasókn. En fyrrum var bænhús í Svínanesi, og sjást enn nú gjörla þess merki." Staðsetning bænhússins er óljós en fast suðsuðaustan við bæjarhól 001 er slétt flöt sem mun sennilega vera Bænhúsvöllurinn sem fyrr er getið. Ekki sáust nein ummerki eftir tóftir eða dældir þar en fast suðsuðaustan við hana er mikið þúfnastykki sem er um 50 m suðsuðaustan við bæ 001 og er það líklegasta staðsetning bænhússins. Það er nokkuð vel afmarkað og liggur 10 m norðan við sjávarkletta sem afmarkar túnið á Svínanesi til suðurs.

Grösugt þúfnastykki þétt niður við sjávarkletta.

SVÍNANES VIÐ KVÍGINDISFJÖRÐ (AB) BÆNHÚS

[1593]: Bænhús þessi er(u) þar j sokn. äa suijnanese, skalmardalsfirdi. kirkiuboli og er full þorf ä ollum þeim þrimur. vegna fiarlægðar vid kirkiuna. Máld JS 143 4to, bls. 319. 17.5.1765: Bænhús lagt niður; (PP, 176) [konungsbréf].


Bænhúsið hefur líklega verið þar sem stórþýfi er nú. Þúfnastykkið er svo til ferhyrnt og nokkuð skýrt afmarkað. Það er um 30 x 15 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur.

Hvorki reyndist unnt að greina gerði umhverfis svæðið né heldur greinileg ummerki um tóft eða þúst innan þess enda svæðið á kafi í grasi og stórþýft. Auðveldlega mátti þó finna aflangar þúfur sem snéru austur-vestur sem gætu gefið til kynna að um grafir væri um að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, 253; Ö-Svínanes EG, 8; SSV I, 113; Máld JS 143 4to, bls. 319; PP, 176

BA-070:054 *Dyngja* heimild um 65°31.407N 22°37.895V



Tóftin er mjög ógreinileg og nokkuð sérstök. Hún samanstendur af lágri bungu og röð steina sem kíkja upp úr sverði.

Í örnefnaskrá Aðalsteins Helgasonar segir: "Upp af Dyngjukrók er holt eða hóll, sem heitir Dyngja. Þar segir sagan, að verið hafi nunnuklaustur, en munkarnir hafi verið á Kirkjubóli." Í athugasemdum við örnefnaskrár segir: "[...] heyrði [ég] gamalt fólk tala um þetta og að þar hefðu sést tóftir, sem áttu að vera leifar af klaustrinu, en þetta var búið að slétta yfir [fyrir] löngu [...]."

Dyngjukrókur er um 70 m austan við bæjarhól 001 og um 70 m norðaustan við mögulega staðsetningu bænhús 002.

Dyngjukrókur er frekar slétt graslendi og hallar landið lítið eitt til suðausturs, er það afgangur lágum klettaborgum til vesturs, sjó til austurs og suðurs og hækkandi landi til norðurs.

Í Dyngjukrók er þúst sem er 11x9m að stærð og snýr vestnorðvestur og austsuðaustur.

Hún er mjög óljós en hugsanlega má greina eitt hólf. Steinhleðsla sem er um 9m löng afmarkar þetta hólf til suðurs og frá sitt hvorum enda hennar má finna fyrir grjóthleðslum sem eru um 3m langar. Að norðan lokast hólfid af lágri þúst sem er 9x5m að stærð.

Grjóthleðslan er svo til alveg horfin í svörð en þústin norðan við grjóthleðsluna gæti verið upphlaðin um 10-20cm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svínanes AH, 4; Ö-Svínanes aths.EG, 4

BA-073 Skálmardalur

1238: Jörðin Skálmarfjörður nefnd í máldaga Gufudalskirkju. DI I, 522. Trúlega sami bær og Skálmardalur sem nú er í Skálmarnesmúlasókn.

1397: Jörðin Skálmardalur nefnd í máldaga Laurentiuskirkju í Vilchinsmáldaga. DI IV, 152. 1363: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi. DI III, 195.

Um 1460: Máldagi, jörðin Skálmardalur borgar tíund til Múlakirkju. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 95.

Um 1470: Máldagi, jörðin Skálmardalur borgar tíund til Múlakirkju. DI IV, 593. Trúlega það sama og í Jarðabréfunum.

1570 og síðar: Jörð talin með eignum Múlakirkju í Gíslamáldaga. DI XV, 587.

1686: 20 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 192.

1695: 12 hdr., einkaeign/kirkjueign. The Old Icelandic Land Registers, 192.

1703: Tvíbýli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 12 hdr., tvíbýli. „Eigandi að hálfri jörðunni Múlakirkja á Skálmanesi og proprietarii þar til. Eigandi að hinum helmíngnum lögrjettumaðurinn Sigurður Sigurðsson að Flatey.“ JÁM VI, 256.

1801: Í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 217.

1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1847: 12 hdr., bændaeign. JJ, 178.

Skálmardalur fór í eyði árið 1968. SSFS II, 113.

1710: "Útigangur er lakur fyrir stórveðrum og fannlögum þó annars sje land gott. Skógur enn þá bjarglegur til raftviðar og nógur til kolgjörðar og eldiviðar, og brúkast til búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök. silúngsveiði í Skálmardalsá, hefur áður góð verið, en farið smám saman til rýrðar. Er þó enn að nokkru gagni. Túnið blæs upp af stórveðrum sumstaðar. Engjarnar spillast af grjóts áburði og landbroti af Skálmardalsá til stórkaða. Úthagarnir eru nægir og góðir á sumur, og so lengi sem að ekki vetrar að. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum. Kirkjuvegur hálf þíngmannaleið, þar með grýttur og torsóktur á vetur fyrir fannlögum." JÁM VI, 256-257.

1920: Tún 2,1 ha, garðar 400 m².

BA-073:001 Skálmardalur bæjarhóll bústaður 65°38.173N 22°40.545V




Bæjarhóllinn í Skálmardal, horft til suð-suðausturs.

Í örnefnaskrá segir: "Jörð í Múlasveit næst vestan Illugastaða. hennar er getið 1238. [...] Stundum hefur jörðin, eða fyrst, verið nefnd Skálmarfjörður. [...] Bærinn stendur við vestanvert hornið á Skálmarfirði, í hallandi túni. [...] Bæjarlækurinn rennur svo niður túnið. Hann er innan við gamla bæinn og nýja húsið, sem reist er á Klyfberahól." Í athugasemdum við örnefnaskrár segir:

"Bærinn stendur á hjalla fram við sjó, en

þar er klettabrík ofan við sjóinn."

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Skálmardalur er stutta bæjarleið frá Illugastöðum. [...] Skálmardalur fór í eyði árið 1968. Þá var búið að byggja þar gott íbúðarhús og túnið orðið stórt og grasgefið." Íbúðarhúsið í Skálmardal stendur 50-80 m vestan við þjóveg nr. 60 og er það byggt skömmu áður en jörðin fer í eyði 1968. Bæjarhóllinn, þar sem eldri bær stóð, er um 50 m norðvestar, í brekku ofan yngra bæjarstæðið.



Uppdráttur af bæjarhólnum í Skálmardal.

Bæjarhóllinn er í grösugri brekku sem einkennist af klettum norðvestan (eða ofan) við hólinn.

Bæjarhóllinn er 20 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mörk bæjarhólsins eru frekar greinileg og er upphleðsla hans um 2-2,5 m. Bæjarhóllinn er á kafi í grasi en á honum er tóft sem er frekar ógreinileg en munu vera leifar síðasta bæjar er stóð á hólnum. Hún er um 14 x 11 m að stærð og snýr eins og hólinn. Hún virðist skiptast í 5

hólf. Hólf A er vestast í tóftinni og er 2 x 2 m að innanmáli. Op er á því til norðausturs að hólfi B sem er 5 x 3 m að innanmáli. Hólf B snýr suðvestur-norðaustur. Hólf C er suðaustan við A. Það er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert greinilegt op var á **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Skálmdalur, 1, 8; SSFS II, 112-113, Heimildir: Skyggir skuld fyrir sjón II b, 112-113.

BA-073:002 heimild um bænhús 65°38.173N 22°40.545V

Í örnefnaskrá segir: "Bænhús er þar 1491-1518, en fallið í gleymsku 1710." Ekki er lengur vitað hvar bænhús í Skálmdal stóð. Mögulegt er að bænhúsið hafi verið inn í Skálmdal en þar herma munnmæli að sjálfur bærinn hafi staðið, á svo kölluðu Breiðanesi 011]. Hér er bænhúsið þó látið fylgja gamla bænum en ekki bæjarstæðinu á Breiðanesi. Hnitið hér að ofan er það sama og á bæjarhólnum 001 því oftast hafa bænhús staðið nálægt eða við bæjarhólinn.

Bæjarhólinn er í grösugri brekku sem einkennist af klettum norðvestan (eða ofan) við hólinn.

SKÁLMDALUR (AB) (MÚLAÞING) - BÆNHÚS

[1491-1518]: "gamall ma. Bænhusid j Skalmardal j Mulakirkiu þjngvm." Máld DI VII, 79 [AM 263 fol. bl. 80; Þjsls Bps 2 4to]]

[1593]: Bænhus þessi er(u) þar j sokn. äa suijnanese, skalmardalsfirði. kirkiuboli og er full þorf ä ollum þeim þrimur. vegna fiarlægðar vid kirkiuna. Máld JS 143 4to, bls. 319.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Skálmdalur, 1; DI VII, 79; Máld JS 143 4to, bls. 319

BA-073:011 *Breiðanes* tóftir býli 65°39.190N 22°39.232V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Breidanes heitir örnefni fram á dalnum. Þar sjást tóftarrústir en öngvar girðingar, og eru munnmæli, að Skálmdalur hafi þar í fyrndinni staðið, og þaðan fluttur verið undan stórveðrum. Ekki má hjer byggð setja, því túnstæðið er uppblásið og lýngi vaxið og skógi." Í Jarðatali Johnsens segir í undirmálsgrein: "1805 er eyðihjáleigan Breiðanes talin með." Í örnefnaskrá segir: "Niður við ána [Skálmdalsá], innarlega á eyrunum, gengur fram graslendi, sem nefnt er

Breiðanes. Þar er talið gamalt bæjarstæði, en er nú ræktun." Í athugasemdum við




Tóftin á Breiðanesi, horft til norðausturs.

örnefnaskrána segir: "Í Breiðanesi er líkleggra, að verið hafi beitarhús; þar vottar hvergi fyrir vallargarði." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "[...] eyðijarðir eru þessar: [...] e. Breiðanes í Skálmardal, byggt af Skálmardalslandi. Jarðir þessar voru allar lagztar í auðn fyrir bóluna miklu 1707, [...]." Breiðanes er um 2,2 km norðnorðaustur af bæjarhóli 001 og 200-250 m vestan við Skálmardalsá sem

rennur eftir samnefndum dal og er silungur er í ánni. Dalurinn er frekar þröngur en um hann lá þjóðleiðin yfir Skálmardalsheiði til Ísafjarðar og er hún vörðuð.

Tóftin er í þýfðu mólendi sem hallar til austurs og er kjarrgróður farinn að vaxa umhverfis tóftina.



Uppdráttur af tóftinni á Breiðanesi.

Bæjarhóllinn er 34 x 22 m að stærð og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hann er upphlaðinn en mörk hans eru frekar óljós. Hóllinn er mest um 1 m á hæð að austan. Á bæjarhólnum er tóft sem er 27 x 12 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Í henni a.m.k. greina þrjú hólf. Hólf A er 7 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á syðst á austurvegg. Hólf B er sunnan við hólf A og er 6 x 3 m að innanmáli. Það snýr vestnorðvestur-austsuðaustur og er op á því austast á norðurhlið. Sunnan við hólf B eru göng sem liggja þvert í gegnum tóftina. Þau eru um 1 m á breidd og um 9 m á lengd. Austan við göngin að sunnanverðu er hólf C sem er einnig sunnan við hólf B. Hólf C er 3 x 2 m að innanmáli og snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur og er enginn gafl á því til norðurs að göngunum. Sunnan við göngin og hólf C er um 10 x 10 m stórt þúst sem er hluti af tóftinni, á kaf í grasi og

þýfð. Á þessu svæði er ómögulegt að sjá hólfaskipan. Vegghleðslur tóftarinnar eru frekar voldugar og eru þær víða 1-3 m á breidd og um 50 cm á hæð. Tóftin er frekar greinileg, grösug og er mikið kargaþýfi í henni, ekki var hægt að greina neinar grjóthleðslur í henni. Tveir litlir bæjarlækir renna sitt hvoru megin við tóftina í lágu kjarri sem er farið að vaxa í námunda við tóftina. Ekki var athugað með aðrar tóftir á svæðinu en ekki sást neinn túngarður umhverfis. Ekki var hægt að sjá neina tóft í næsta nágrenni við þá tóft sem hér var skráð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:JÁM VI, 257; JJ, 178; Ö-Skálmdalur, 6; Aths.JG, 3; SSV I, 109

BA-075 Skálmarnesmúli

Um 1117: "Hrólfur hét maður er bjó á Skálmarnesi undir Múla." Sturlunga I, 8.

Um 1220: "Fyrir Maríumessu síðari sendi biskup mann í Múla á Skálmarnes til Oddleifs prests [...]." Sturlunga I, 259.

1363: Máldagi Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi. Einnig minnst á Urðir en þó ekki ljóst hvort um er að ræða náttúrumyndunina Urðir eða bæinn Urðir 022/Urðarsel 023. DI III, 195.

1397: Máldagi Laurentíuskirkju í Vilchinsmáldaga. DI IV, 152. Um 1460: Máldagi Múlakirkju á Skálmarnesi, talið er upp þær jarðir sem borga kirkjunni tífund. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 95.

Um 1470: Máldagi Múlakirkju á Skálmarnesi. DI IV, 593. Trúlega það sama og í Jarðabréfunum.

Um 1570 og síðar: Máldagi Múlakirkju á Skálmarnesi í Gíslamáldögum. Einnig minnst á Urðir en ekki ljóst hvort um er að ræða náttúrumyndunina Urðir eða bæinn Urðir. DI XV, 586-587.

1686/1695: 48 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 193.

1703: Tvíþýlið Múli á Skálmarnesi í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 68 hdr., kirkjustaður. JÁM VI, 258.

1801: Þríþýli í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 216.

1835: Tvíbyli Skálmarnesmúli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1847: 60 hdr. 1/5 Múlakirkjueign, 4/5 bændaeign. JJ, 178.

Fór í eyði 1975. SSFS II, 128.

1710: "Útigangur í lakara lagi. Skógur til raftviðar bjarglegur og til kolagjörðar og eldiviðar nægur, en liggur nokkuð í fjarska, þó í heimalandi fram á Vattardal. Torfrista og stúnga bjargleg. Silúngsveiði er nokkur í Vattardalsá, sem ekki brúkast fyrir fjarlægðar sakir. Eggver af æðifugli og dúntekja þar af hefur áður verið í 4um sjáfarhólmum. Það eggver hefur smásaman farið til rýrðar, er nú að mjög litlu gagni og valla teljandi í nokkur ár. Lunda og kofnatekja lítil í Heinarey og Hvítíngseyjum, hefur áður betri verið. Selveiði er að góðu gagni þá vel er aðsókt, þó að því sjeu áraskifti. Túninu hafa skriður spilt og grjóthrun stórlega, og er sýnilegt að það muni meir og meir á aukast. Einn partur engjanna, sem er inni á hlíðinni, spillist af skriðum. Úthagarnir, sem nálægt staðnum liggja, eru mjög graslitlir, uppblásnir og skriðurunnir, en inn á Vattardal, nærri hálfu þíngmannaleð í burtu (sem þó er heimaland), eru nægir hagar, og þángað brúkast selför jafnaðarlega [024], þó selvegurinn þyki lánkur og seinfær. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum. Hreppamannaflutningur að Vattarnesi er bæði lánkur og seinfær. Hætt er staðnum og kirkjunni fyrir skriðufalli og grjóthruni, og hefur það mjög að staðnum og kirkjunni gengið, en þó ekki hingað til merkilegan skaða gjört, nema á einu fjárhúsi [014], sem grjóthrun úr fjallinu braut fyrir 2 árum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum af austnorðri. Heimræði er ekki teljandi. Þó hefur hjer áður í manna minni verið bragðað einstöku sinnum að róa heim og heiman, og var þá lángræði ærið, og því lagðist heimræðið af."

1920: Tún 8,9 ha, garðar 120 m². Finnstún 1,1 ha, garðar 1280 m².

BA-075:001 *Skálmarnesmúli* bæjarhóll bústaður 65°30.839N 22°44.910V

Í Laxdælasögu segir: "Þat sama vár seldi Ingunn land sitt í Króksfirði, þat sem síðan heitir Ingunnarstöðum, ok fór vestr á Skálmarnes [...]" Einnig er minnst á Skálmarnes í Harðarsögu: "Þá bað Grímkell sér konu, Sigríðar Þorbjarnardóttur af Skálmarnesi." Í örnefnaskrá segir: "Múli er landmesta jörð Múlahrepps, og þar er kirkjustaður sveitarinnar [002]. Bærinn stendur syðst á nesi því, sem hann dregur nafn af, Skálmarnesi, en á land alla leið upp í Vattardal." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða



Bæjarhóll og kirkjugarður ásamt nústandandi kirkju, horft til suð-austurs.

segir: "Skálmarnesmúli, stutta bæjarleið austur frá Ingunnarstöðum, almennt nefndur Múli á Skálmarnesi, 48 c. bóndaeign og 12 c. kirkjunnar eign, [...]. Þar eru tvö býli [líklega 013 og 020], stórt og fagurt tún, með túngarði [063] norðanvert undir fjallshlíðinni, hver nú er tekinn að vera hrörlegur." Í Árbók ferðafélagsins segir: "Tvíbýli hefur verið á jörðinni að undanfögnu." Í

Barðstrendingabók segir: "Íbúðarhúsið á

Múla er gamalt timburhús nokkuð stórt." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr.

Guðmundssonar segir: "Síðustu bændurnir, er bjuggu í Múla [...] stóðu fyrir byggingu sóknarkirkjunnar, sem vígð var árið 1960. Einnig húsuðu þeir og bættu staðinn mjög mikið. Í þeirra tíð var búinn til sjúkraflugvöllur á Múlanesi. [...] haustið 1975 fór Múlinn í


eyði, og þar með lauk sögu staðarins og stórbýlisins Skálmarnesmúla."

Bæjarhóllinn er 30-40m austan við íbúðarhús sem núna stendur í Skálmarnesmúli og um 10 m norðvestan við kirkjugarð 002.

Bæjarhóllinn er í frekar sléttu túni, á góðu flatlendi.

Bæjarhóllinn er 30 x 30 m að stærð og hefur verið sléttaður að hluta. Þó má enn finna á honum óljós tóftarbrot á kafi í grasi og einnig grunn af grjóthlöðnu íbúðarhúsi sem byggt var um 1896 af Ebeneser Matthíassyni búfræðingi.

Bæjarhóllinn er vel greinilegur og er vesturhlið hans best afmörkuð, þar má



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli bæjarhóls 001 og kirkjunar sem stóð. Einnig er sýnt hvar nústandandi kirkja er staðsett.

greina að upphleðsla hans sé um 1-1,5 m. Tóftarbrot eru miðsvæðis á bæjarhólnum sem munu vera leifar af síðasta bæ er stóð á hólnum. Tóftin er 10 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf A er vestast og er það 5 x 3 m að innanmáli. Það snýr eins og tóftin og er engin gafl á því til suðvesturs. Hólf B er austan við hólf A, það er 6 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Líkt og með hólf A er engin gafl á suðurvesturhlið þess. Annað op er á hólfinu nyrst á norðvesturvegg. Norðaustan við hólf B er hólf C sem er 4 x 2 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur. Ekki var hægt að greina neitt augljóst op á því. Tóftin er á kafi í grasi eins og allur bæjarhóllinn en vel má sjá grjóthleðslur eru í veggjum, hér og þar. Veggir eru mest um 50 cm á hæð og um 1-2 m á breidd. Um 5 m suðvestan við tóftina var samkvæmt heimildarmanni garfið fyrir jarðhús sem nú (2008) er búið að ryðja og sést ekkert af því annað en lár hryggur. Stutt grjóthleðsla er um 8 m suðvestan við tóftina. Hún er beint suðvestur af hólfi B og er um 4 m á lengd. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Syðst á bæjarhólnum er grjóthlaðinn grunnur íbúðarhúss sem var tveggja hæða og reist 1896. Grunnurinn um 7 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á suðurvesturhlið hans er inngangur og vel hlaðnar tröppur sem legið hafa niður í kjallara þar sem eldhúsið var. Stendur hluti af strompnum ennþá. Syðst á norðausturveggnum er 3 m langt veggbrot sem er eins og áframhald af suðurvesturhlið hússins. Veggheðslur eru um 2 m háar en um tæpur 1m á breidd.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÍF V, 94; Ö-Skálarnesmúli, 1; SSV I, 107; ÁFÍ 1959, 62; Barðstrendingabók, 51; SSFS II, 124

BA-075:002 *Laurentiuskirkja* kirkjugarður kirkja 65°30.827N 22°44.869V
Í Fornleifaskrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "Múli. Kirkjugarður gamall og kirkjutóft á honum. Skjal undirritað af MP 31.12.1935. Þinglýst 18.07.1936." Í örnefnaskrá segir: "Rétt við Bjarnarból, nær túni, er klettur, sem heitir Fataklettur. Þar skildi fólk eftir utanyfirhafnir sínar og slepti hestum sínum á Bjarnarból, þegar komið var til kirkju. [...] Kirkjuflatir eru inni í túni, suður af kirkjugarði." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða I segir: "Kirkjan að Múla, annexía frá Flatey, stendur fyrir austan bæinn á sléttum túnflötum. Er hún lítið en snoturt hús." Í Árbók ferðafélagsins

segir: "Skálmarnesmúli er kirkjusetur og þjónað frá Flatey. Kirkjan er bændakirkja. Kirkjan fauk fyrir mörgum árum, en ný kirkja er í smíðum, og er vonast eftir, að smíði hennar verði brátt lokið, svo að sóknin verði ekki lengur kirkjulaus." Um 10 m suðaustan við bæjarhólinn er kirkjugarður og stóð kirkja innan hans sem nú hefur verið rifin. Ný kirkja hefur verið byggð á staðnum og stendur hún samhliða suðurvegg kirkjugarðs við suðvesturhorn hans og er um 2m breitt sund á milli. Er núverandi kirkja byggð um 1957. Eldri kirkja stóð innan kirkjugarðsins, um 30m suðsuðaustur af bæjarhólnum 001 og um 15m norðnorðaustar en núverandi kirkja.

Kirkjustæðið er innan kirkjugarðs sem enn er grafið í.

MÚLI Á SKÁLMARNESI (AB) -Lárentúsi (FLATEYJARANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13.

1219: "Þar bjó þá Olleifr prestur, [Jónsson] og vildi Guðmundr þr veita þar tíðir Mariumesso hina síþarre, ok gista þar við vj. mann, en prestur talðist undan ... annat sumar fire Mariomesso hina síþarre brann upp bærinn allr at köldum kolum;" Guðmundarsaga, Bsk I, 510; sbr. Rafnssaga, Bsk I, 670.

1363: "Mule a skalmmaLaurencijus kirkia vndir mula a skalmarnesi aa land ad vrdum oc huijtingseyiar oc vattardal hinum eystra megin allt ad sio. skog ad selskerium jnn fra vydimyri. hundrad j landi ad selskerium. [...] þanngad liggia tijunndir af suiynanesi. fra selskerium. or skalmmdal. af vattarnesi. af jnngunarstodum. fra hamri. fra deilldara. fra firdi. af kirkiuboli. or nesi. suo [oc] af þeim bæium sem bygdir verda jnnann þetta takmark. þar skal vera heimilisprestur oc luca fiorar merkur." Máld DI III 195.

[1394]: "XI. Laurentiuskirkia under mula ä Skálmarnese ä land ad Urdum og Hvijtingseyar. og Vattardal hinum eystra meigen allt ad sio.

Þad ber allt saman vid Vilkinsbok utan hier greiner Ingunarstade med odrum bæum sem þangad til mula liggia et cetera; Hítardalsbók" DI III 774.

1397: "a lannd ad Vrdumm og Hvijtingseyar oc Vattardal hinumm eystra meiginn allt ad slo. skog [og]... c j landi id Selskerium.

Þangad liggia tiunder af Sviynanesi. fra Selskerium. vr Skalmardal. af Wattarnesi. fra Hamri. fra Deilldarä. fra Firdi. af Kirkiuboli. so vr Nesi. og so af Þeim bæiumm. sem bygder verda innann þetta takm Þar skal vera heimilisprestur oc lvka iijj" Máld DI IV 152.

[1446]: "J mula kirkiu sockn voru þessar jarðer. kirkiuboll ... Musanes ... Jllugastader ... Vattarnes;" DI IV, 691.

[um 1470]: Máld DI V 592.

[1491-1518]: "Müle ä Skálmarn Kirkia sancti Laurnetii under Mula ä Skálmanese ä jordina halfann Skalmardal. Er Hustru Ingebiorg Arnadotter og dætur hennar gafu Gude og sancto Laurentio firer sál Jons Ellingssonar göðrar minningar." Máld DI VII, 79 [Lbs 108 4to, bl. 427 Jón og Ingibjörg bjuggu í Múla og voru tengdaforeldrar Teits Þorleifssonar lögmanns d. 1537].

20.5.1499: Jörðin Deildará á Skálmarnesi er í Múlakirkjusókn. DI VII, 420.

1536: Ögmundur biskup Pálsson leggr til kirkju undir Múla á Skálmarnesi tolllaust skip í Oddbjarnarskeri, er Flateyjarkirkja átti. DI X, 86. 1537: Ögmundur biskup í Skálholti leggr kirkjunni undir Múla á Skálmarnesi tollfrí skip í Oddbjarnarskeri gegn því, að Flateyjarkirkja eigi áttæringis eða teinæringis farm árlega í skóg Teits bónda, sem liggur nær Flateyjarkirkjuskógi. DI X, 111.

1575: "I. Kirkian vnder Mula ä Skálmanese ä land ad Vrðum og Huijtingseyiar og Vattardal hinum eystra meiginn alltt ad sio. Skog ad Selskerium jnn frá Vijdemyre. c. I lande I Selskerium. [...] Jtem I jordum. Selskier .xijc. leigd fyrer .iiij. ærgillde. Jtem .vjc. j Skálmárdal. Jtem .vjc. Hamar. Eyde.

[ornmenti]." Máld DI XV 586-587.

[1593]: "Þangad liggia ij (svo) bæer mille suiynaness oc kirkiubolsness. fasteign til tijundar hundrad hundrada og stadurinn ad auki. lc. bondahluti. lausagotz lijtíd vtan tijund þolleifs .xxc. annars hundradz. so þar reiknast vel árliga x aurar j portiu. Bænhus þessi er(u) þar j sokn. äa suiynanese, skalmardalsfirði. kirkiuboli og er full þorf ä ollum þeim þrimur. vegna fiarlægðar vid kirkiuna." Máld JS 143 4to, bls. 319.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir einnig: "Kirkjan að Múla á Skálmarnesi, helguð Laurentiusi píslarvotti og hefur því kallast Laurentiuskirkja, er fyrst reist öndverðelga á 11. öld, og hélt Múlabóndi þar húspresta lengi síðan. En þegar biskupaleg valdstjórn tók til, eftir að Staða-Árni var uppi, skyldi þar vera heimilisprestur, og voru þá takmörk sóknarinnar sömu sem nú, eins og ráða má af Vilchins kirkjuregistri 1397. Þá átti kirkjan fasteign: Landið að Urðum, Hvítungseyjar og Vattardal hinu eystra megin allt að sjó, skóg og c. í Selskerjum. En eftir það, fram til siðaskiptanna 1550, eignaðist hún

alla jörðina Selsker sem og háflendu milli Skálmardals 6 c. og Hamar með Hellisey 6 c. Eftir siðaskiptatímum gjörðist eitt prestakall af Múla og Flatey, og telst Múlakirkja síðan hálfkirkja í Flateyjapingabrauði. Skal þar nú flytja messugjörð þriðja hvern helgan dag á sumar, en fjórða hvern á vetur. Kirkjusóknin er þremur bæjum minni en sveitin, og eiga þeir þrjú bæir, Kvigendisfjörður [BA-069:001], Kirkjuból á Bæjarnesi [BA-068:001] og Bær [BA-067:001], kirkjusókn að Gufudal." Í Breiðfirðingi frá 1969-70 segir: "Lengst af mun Múlakirkja hafa verið torfkirkja eins og flestar aðrar kirkjur landsins. En 1847 var hún fyrst gjörð úr timbri." Kirkjustæðið hefur verið sléttað en enn má dæld þar sem húsið stóð, hornsteinarnir sjást kíkja upp úr sverði og einnig grjóthleðsla suðurveggisins. Kirkjugrunnurinn er um 6 x 5 m að stærð og snýr vestur-austur. Árið 1998 hefur var grafið í kirkjustæðið og ösp gróðursett þar. Eitt grenitré er einnig í garðinum. Garðurinn hefur ekki verið sléttaður og er mikið af upphlöðnum leiðum í garðinum sem liggja þétt saman. Elstu merktu leiðin eru frá upphafi 20. aldar. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kirkjugarðurinn þá 24 x 26 m að stærð og snéri norður-suður. Sumarið 2008 reyndist stærð hans 32 x 27 m og snýr núna vestur-austur. Norður og suður mörk garðsins eru mjög áþekkt því sem sýnt er á túnakortinu. Því má ætla að garðurinn hafi verið stækkaður um 8 m til austurs eða vesturs, jafnvel hvorutveggja. Umhverfis kirkjugarðinn er grindverk úr timbri og vírneti, hlið er á vesturhlið garðsins úr járn og er það í tréramma.

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: ÁÓG 1990, 33; Túnakort 1920; Ö-Skálarnesmúli, 12; SSV I, 107, 112; ÁFÍ 1959, 62; DI XII, 13; Bsk I, 510; DI III, 195; DI III, 774; DI IV, 152; DI IV, 691; DI V 592; DI VII, 79; DI VII, 42; 587; JS 143 4to, 319; Breiðfirðing. '69-70, 29-30

BA-079 Fjörður

1363: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálarnesi. DI III, 195.

1397: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju í Vilchinsmáldaga. DI IV, 152. Um 1460:

Máldagi, jörðin Fjörður borgar tíund til Múlakirkju. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 95.

Um 1470: Máldagi, jörðin Deildará borgar tíund til Múlakirkju. DI IV, 593. Trúlega það

sama og í Jarðabréfunum.

1531: Inga Jónsdóttir arfleiðir systur sína Ingibjörgu að jörðinni. DI IX, 592.

1559: Séra Jón Þorleifsson fær Einari Þorgilssyni til eignar jörðina Fjörð. DI XIII, 418.

1686: 30 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 193.

1695: 36 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 193.

1703: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 36 hdr., einkaeign. JÁM VI, 262.

1801: Þrífýli í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 214-215.

1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1847: 36 hdr., bændaeign. JJ, 178.

Fjörður hefur verið í eyði frá 1975. SSFS II, 142.

1920: Tún 2,8 ha, garðar 575 m².



Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum á Firði og því sést lítið til hans. Horft til aust-suðausturs.

en í vor eð var nokkru meira. Fuglveiði, af teistikofu, mjög lítil. Selveiði er nú mjög lítil, en áður betri. Uppdráp er hjer enn að nokkru gagni, þá það er iðkað, í eyjunum, sem hjer liggja fyrir framan. Eggver af máfum í Fjarðarbjargi, er að nokkru gagni, en eftir þeim eggjum verður að síga í festi loftsig, og er þetta mjög erfitt. Brúkast því lítt. Hvannatekja í sama bjargi er nokkur, en brúkast ei, fyrir því að síga þarf ut supra. Engjarnar, sem á landi eru, eru stórlega af skriðum fordjarfaðar. Slægjur eru í 4 eyjum og fáeinum smáhólum hjer fyrir framan. Þeim spilla stórflæðir og sjáfargangur, sem ber sand í rötina, og sprettur því lítt, og er hálf vika til að sækja í þær eyjarnar, sem að gagni eru. Úthagarnir eru nægir, þó þeir liggja sumir í fjarska. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum,

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Útigángur í betra lagi. Skógur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar nægur, en raftviðurinn tekur þó til að eyðast mjög. Torfrista og stúnga lök, einkanlega ristan. Eggver af æðifugli í nokkrum eyjum skamt fyrir framan landið, og fjarar í sumar. Það hefur áður gagnlegt verið, en nú mjög lítið, og fengust hjer í fyrra vor 60 egg,

sem oft verður mein að , og so fyrir ógönguklettum. Vatnsból er lágt og lítið, en þrýtur þó öldungis ógjarnan.“ JÁM VI, 263.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarðar I segir: „Lendingar eru hvervetna góðar og brimalausar í sókninni, en vegna ógurlegs útfjars verður að sæta sjóarföllum. Að Firði teljast einna bezt sjóarföll, líka má þar og að Svínanesi fá hafnir fyrir þiljuskip.“ SSV I, 98.

BA-079:001 Fjörður bæjarhóll bústaður 65°32.937N 22°50.855V

Í örnefnaskrá segir: "Bærinn stendur við mynni Kerlingarfjarðar austanvert." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: "Fjörður er bóndæign, 32 - nokkrir telja með Eiðshúsum [013] - 36 c., [...]. Þar eru allsæmileg hús. Hafa þar áður verið tveir bæir, en nú einn aðeins." Í Barðstrendingabók segir: "Í Firði er gamalt timburhús." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Fjörður er stór jörð, annað stærsta býli sveitarinnar. Þar var oftast mikill búskapur, margt fólk og stundum tvíbýli. Þar slátruðu Múlsveitungar fé sínu á haustin og oft voru þar lagðar upp vörur er komu frá Flatey. Á Firði var byggt íbúðarhús í steini árið 1958 stórt og mikið hús. Árið 1965 voru þar byggð fjárhús og hlaða yfir 300 fjár. Túnrækt var þar mikil. Jörðin fór í eyði haustið 1975." Fjörður stendur undir hlíðum Skálmarnesmúlafjalls og austan Kerlingarfjarðar. Að bænum liggur vegur nr. 609 og er bærinn um 20-30m vestan við veginn. Gamli bærinn stóð um 20 m sunnar en núverandi íbúðarhús á jörðinni gerir (byggt 1957).

Á bakka í landi sem hallar til norðvesturs. Ofan við bæinn er lágt klettabelti.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og er mjög ógreinilegur. Það má þó vel sjá hvar bærinn stóð og er það sem eftir er bæjarhólsins um 20 x 20 m að stærð. Upphleðsla mannvistarlaga virðist lítil sem engin, eða **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920; Ö-Fjörður, 2; SSV I, 105; Barðstrendingabók, 53; SSFS II, 139

BA-079:002 heimild um bænhus 65°32.937N 22°50.855V

Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: "Bænhus er hjer, og hefur hjer embætti flutt verið árlega í samfleytt 10 ár fyrir bóluna, þegar að heimamenn meðtóku sacramenti, en síðan bóluna, og so stundum fyrir áðurnefndan 10 ára tíma, hefur hjer ekki verið embættað." Í

Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða I segir: "Bænahús hafa síðan eftir siðaskiptin engin verið í Múlasókn. [...] Munnleg sögn er [...] að bænahús hafi staðið, bæði á Kirkjubóli á Litlanesi [080:002] og að Firði, en engin glögg merki finnast fyrir því, þótt vel megi líklegt þykja, að svo hafi mátt vera." Ekki er lengur vitað hvar bænahúsið á jörðinni var en líklega hefur það verið í námunda við bæinn og var hnit tekið þar.

FJÖRÐUR Á SKÁLMARNESI (AB) (MÚLAÞING) - BÆNHÚS

Fram yfir 1700. PP, 176.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM VI, 262; SSV I, 113; PP, 176

BA-080 Kirkjuból (á Litlanesi)

1363: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju undir Múla á Skálmarnesi. DI III, 195.

1397: Jörð nefnd í máldaga Laurentíuskirkju í Vilchinsmáldaga. DI IV, 152. 1446: Jörð nefnd í eignaskrá Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum. DI IV, 691.

Um 1460: Máldagi, jörðin Kirkjuból borgar tíund til Múlakirkju. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 95.

Um 1470: Máldagi, jörðin Deildará borgar tíund til Múlakirkju. DI IV, 593. Trúlega það sama og í Jarðabréfunum.

1606: Kirkjubólsjörð seld, metin á 12 hdr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 111

1686/1695: 12 hdr., einkaeign. The Old Icelandic Land Registers, 193.

1703: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: 12 hdr., einkaeign. JÁM VI, 264.

1801: Í byggð. Manntal á Íslandi - Vesturamt, 214.

1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1847: 12 hdr., bændaeygn. JJ, 178.

Fer í eyði árið 1944. SSFS II, 145/Breiðfirðingur 1978, 87.

1920: Tún 2,84 ha, garðar 484 m².

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur í skárri lagi. Skógur til raftviðar, kolagjörðar og eldiviðar nægur, og brúkast af ábúanda til búsnauðsynja.

Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Skelfisksfjara nokkuð lítil. Engjarnar spillast

stórlega af skriðum úr fjallinu, og eru mestan part fyrir því eyðilagðar. Úthagar eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum." JÁM VI, 264.

BA-080:001 *Kirkjuból (á Litlanesi)* bæjarhóll bústaður 65°34.949N 22°52.105V

Í Barðstrendingabók segir: "Skammt utan við mynni Mjóafjarðar er Kirkjuból. Túninu hallar niður að firðinum, en ofan við það hefir hraun fallið fram úr fjallinu svipað og í Kvígindisfirði. Túnið er orðið gott, en engjar litlar. Þar er snoturt timburhús." Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: "Kirkjuból fór í eyði árið 1944 og munu því litlar umbætur hafa farið fram á jörðinni. Flest verið með fornum ummerkjum snyrtibúskaður á gamla vísu. Jörðin var talin gott meðalbýli." Bæjarhóllinn á Kirkjubóli er um 20 m suðaustan þjóðveg nr. 60, neðan við veg og nær sjó. Ekki er lengur búið á



Bæjarhóllinn á Kirkjubóli á Litlanesi, horft til norðausturs.

Kirkjubóli en það fór í eyði 1944.

Bæjarhóllinn er á litlum bakka í nokkuð bröttu landi sem hallar gil suðausturs. Bæjarhóllinn er 25 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Má ætla að upphleðsla mannvistarlaga í honum sé talsverð eða 0,8-0,9 m. Efst á honum eða norðvestast eru tóftir og rennur

bæjarlækurinn norðaustan við hann.

Síðasta íbúðarhúsið á jörðinni var vestast

á hólnum og var það um 12 x 12 m að stærð. Hlaðnir torfveggir standa enn að norðvestan og norðaustan en aðrir veggir eru hrundir. Mikið rof er komið í norðvesturvegginn sem hefur verið fyrir aftan bæinn, en hann er nær eingöngu úr torfi. Norðausturveggurinn og norðurhornið standa enn ágætlega og eru hlaðin úr torfi og grjóti og má þar telja um 7 umför. Vegghleðslur eru um 2 m breiðar og um 1 m á hæð. Gólfið hefur verið hlaðið úr grjóti og límt með sementi og er það ennþá svo til ferhyrnt. Um 6 m norðaustan við bæjartóftina er lítil tóft sem er 7 x 6 m að stærð. Hún er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er grasi vaxin og eru vegghleðslur hennar um 2 m breiðar og um 40 cm á hæð, rúnaðar og signar. Op er á henni austast á suðvesturvegg. Á bæjarhólnum, framan við (suðaustan við) tóftirnar er sléttur flöt en þvínæst tekur við brekka þar sem líklega

hefur verið kálgarðurinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920; Barðstrendingabók, 53; SSFS II, 143; Skyggir skuld fyrir sjón, b 143

BA-080:002 heimild um bænhús

65°34.936N 22°52.072V

Í örnefnaskrá segir: "Þar [í Svíra] var talið, að kirkjugarður herði verið, og staðhæfðu margir. [...] búið er að slétta þarna. [...] Talið var, að bænhústóft hefði verið á Kirkjubóli. Héldu menn, að hún hefði verið á ytra túninu, annaðhvort í tóft, sem búið var að slétta 1935 og var nálægt gamla túngarðinum [037], eða í tóft þar litlu neðar. Að sögn Ingva [Samúelssyni] voru ýmsar getgátur um, hvar bænhúsið hefði verið. Það sást fyrir tóftum hingað og þangað, en ekki var vitað, hvað var hvað. Í skrá A.G. [Ara Gíslasonar] er nefnd Kirkjutóft utast í túni. Þar var tóft, en Ingvi efast um, að þar hafi verið kirkjutóft."

Í Árbók fornleifafélagsins segir: "Samkvæmt upplýsingum frá Helga Þjóðsagnasafnara Guðmundssyni hefir tótt í túninu á Kirkjubóli, sem nú hefir fyrir skömmu verið sléttað yfir, verið nefnd Bænhústótt." Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða I segir: "Bænahús hafa síðan eftir siðaskiptin engin verið í Múlasókn. [...] Munnleg sögn er [...] að bænhús hafi staðið, bæði á Kirkjubóli á Litlanesi og að Firði [079:002], en engin glögg merki finnast fyrir því, þótt vel megi líklegt þykja, að svo hafi mátt vera." Staðsetning á bænhúsinu er glötuð en líklegast er kannski sú trú manna að kirkjugarðurinn hafi verið nefndur Svíri og að hann hafi verið búið að slétta áður en Ingvi flutti að Kirkjubóli. Sé það rétt mun Svíri hafa verið suðaustan við bæjarhólinn undir kálgarðbrekkunni, um 30m suðaustan við tóftir á bæjarhól.

Slétt tún sem hallar til suðaustur.

KIRKJUBÓL Á LITLANESI (AB) - BÆNHÚS (SKÁLMARNESMÚLAÞING)

[1593]: "Bænhús þessi er(u) þar j sokn. äa suijnanese, skalmardalsfirdi. kirkiuboli og er full þorf ä ollum þeim þrimur. vegna fiarlægðar vid kirkiuna." Máld JS 143 4to, bls. 319. Ekkert sér til minja. Brekkan undir bænum er nokkuð brött og vel gróin grasi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kirkjuból á Litlanesi, 5; ÁHÍF 1937-1939, 30; Máld JS 143 4to, bls. 319.

V. Heimildir:

Arnór Guðlaugsson (1985). „Gamlir dagar í Geiradal” *Breiðfirðingur. Tímarit Breiðfirðingafélagsins*. 43. árg 1985. Tímarit Breiðfirðingafélagsins: Reykjavík. Bls 96-106

ÁFÍ 1959: Jóhann Skaptason (1959). *Árbók Ferðafélags Íslands Barðastrandasýsla*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík

ÁHÍF 1899: Brynjúlfur Jónsson (1899). „Rannsókn í Barðastrandasýslu sumarið 1898”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík, bls. 6 - 18.

ÁHÍF 1937-1939: Ólafur Lárusson (1939) „Kirkjuból” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937 – 1939*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík, bls. 19 - 56

ÁHÍF 1965: Krittján Eldjárn ritst (1965). „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1964” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík, bls. 142 – 155.

ÁHÍF 1976: Þór Magnússon (1976). „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1975” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1976*. Krittján Eldjárn (ritstjóri). Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík, bls. 165 – 176.

ÁÓG 1990: Ágúst Ó. Georgsson (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafnið: Reykjavík

Árelíus Níelsson (1971). „Prestar og kirkja á Skálmarnesmúla í Barðastrandarsýslu” *Breiðfirðingur. Tímarit Breiðfirðingafélagsins í Reykjavík*. 28.-29. árg 1969-1970. Tímarit Breiðfirðingafélagsins: Reykjavík. Bls 29-39

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík

Guðrún Alda Gísladóttir (2008). *Fornleifarannsókn að Hofstöðum í Þorskafirði*. FS375-06431. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Halldór Jónsson (2006). „Fjósbygging 1913 – það geymist margt á gömlum og gulnuðum blöðum”. *Árbók Barðastrandarsýslu 2006*. 17. árg,129-131;

Krittján Jónsson (1942). *Barðstrendingabók*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík.

Jón Kr. Guðmundsson (1994). „Leiðréttingar við bækur mínar” *Breiðfirðingur. Tímarit Breiðfirðingafélagsins*. 52. árg 1994. Tímarit Breiðfirðingafélagsins: Reykjavík. Bls 168-172

Hlín: Samúl Eggertsson (1942). „Nokkur orð um Reykhóla” *Hlín ársrit íslenskra kvenna*. 25 árg. 1942. Ritstjóri og útgefandi Halldóra Bjarnadóttir: Akureyri. bls. 83-89

ÍF I: *Íslenzk fornrit I Íslendingabók og landnáma*. Reykjavík 1968 .

ÍF V: *Íslenzk fornrit V Laxdæla*. Reykjavík 1934

ÍF XIII: *Íslenzk fornrit XIII Harðar saga*. Reykjavík 1991

ÍSKK II: Kristian Kálund (1985) *Íslenzkir sögustaðir II. Vestfirðingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson (ísl. þýðing). Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF: Reykjavík

JÁM VI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI (1913-1943)*. Kaupmannahöfn

Olsen, Olav (1966). *Hørg, hov og kirke. Historiske og arkæologiske vikingetidsstudier*. „Aarbøger for Nordisk oldkyndighed og Historie 1965”. København: Kongelige Nordiske Oldskriftselskab.

PP: Sveinn Nielsson (1869). *Presta tal og prófesta*. Kaupmannahöfn.

SSFS I: Jón Kr. Guðmundsson (1990). *Skyggir skuld fyrir sjón* I bindi. Hildur: Reykjavík

SSFS II: Jón Kr. Guðmundsson (1990). *Skyggir skuld fyrir sjón* I bindi. Hildur: Reykjavík

SSV I: Sóknarlýsingar Vestfjarða I (1952). Samband vestfirzkra áttthagafélaga: Reykjavík

Sturl: *Sturlunga saga I-II*, Reykjavík 1946.

Óútgefnar heimildir

Dagb. OV 1990: Orri Vésteinsson (1990). Dagbók frá skráningarvinnu rituð 1990

Túnakort 1920: Túnakort fyrir Austur-Barðastrandasýslu frá því 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Fjörður: Örnefnalýsing Fjarðar. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Fremri-Gufudals: Örnefnalýsing Fremri-Gufudals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Fremri-Gufudals aths: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Fremri-Gufudals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Gautsdalur: Örnefnalýsing Gautsdals. Örnefnastofnun Íslands

- Ö-Grafar:** Örnefnalýsing Grafa. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Grafar aths:** Viðbætur við örnefnalýsingu Skálmardals. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Hjallsteinsness:** Örnefnalýsing Hallsteinsness. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Hofstaða:** Örnefnalýsing Hofstaða. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Kambs:** Örnefnalýsing Kambs. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Kirkjuból á Litlanesi:** Örnefnalýsing Kirkjubóls á Litlanesi. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Kirkjuból:** Örnefnalýsing Kirkjubóls. Örnefnastofnun Íslands;
- Ö-Múla:** Örnefnalýsing Múla. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Neðri-Gufudals:** Örnefnalýsing Neðri-Gufudals. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Reykhóla:** Örnefnalýsing Reykhóla. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Skálmardalur:** Örnefnalýsing Skálmardals. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Skálmardalur Aths.JG:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Skálmardals. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Skálarnesmúli:** 1 Örnefnalýsing Skálarnessmúla. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Staðar:** Örnefnalýsing Staðar. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Svínanes AG:** Örnefnalýsing Svínaness, tekin saman af Ara Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Svínanes EG:** Örnefnalýsing Svínaness, tekin saman af Einari Guðmundssyni. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Svínanes aths. EG:** Athugasemdir Einars Guðmundssonar við örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Tindar:, 3;** Örnefnalýsing Áss. Örnefnastofnun Íslands

Heimildamenn:

Arnór Ragnarsson
Bjargey Arnórsdóttir
Einar Óskarsson
Eiríkur Snæbjörnsson
Finnbogi Jónsson
Guðlaug Guðmundsdóttir
Guðný Eyjólfsdóttir
Guðrún Alda Gísladóttir
Hafliði Viðar Ólafsson
Hörður Már Grímsson
Karl Kristjánsson
Kristinn Bergsveinsson
Kristján Sigvaldi Magnússon
Pálmi Larsen

